



Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

13. júní 2005 - 158. tölublað - 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Valsmenn kjöldrógu Keflvíkinga
Þrír leikir fóru fram í Landsbankadeild karla í gær. Valur vann stórsigur í Keflavík en KR tapaði í Eyjum.



Fjandsamleg yfirtaka Hannesar
Fræðimennska Hannesar H. Gissurarsonar er oft valdabarátta fremur en sannleiksleit, segir Guðmundur Andri Thorsson. Hannes hefur náð völdum í texta Halldórs Laxness með fjandsamlegri yfirtöku og byrjar á því að reka stjórnandann.



Bjartsýnir sirkusstjórar
Bráðlega bætist nýtt blað við sístækkandi flóru blaðaútgáfu á Íslandi. Blaðið mun heita Sirkus RVK og kemur út á föstudögum.



VEÐRIÐ Í DAG

BJART Á SUÐVESTURLANDI og hlýjast inni til landsins á suðvesturhorninu.

Meðalbestur á tölublaði*
25-49 ára

69%
48%

FRÉTTABLAÐIÐ Morgunblaðið

*Skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.

Lögmaður kennir endurskoðanda um

Mistök endurskoðunarfyrirtækis urðu til þess að fjölskyldufyrirtækis forsætisráðherra var ekki getið í upplýsingagjöf S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Lögmaður S-hópsins segir mistökin ekki hafa neina þýðingu.

EINKAVÆÐING „Þetta eru mistök sem eiga sér stað hjá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte-&Touche, sem byggði athuganir sínar um eignarhlut fyrirtækjanna á eldri gögnum,“ segir Kristinn Hallgrímsson lögmaður, sem annaðist upplýsingagjöf fyrir hönd S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Í bréfi sem Kristinn ritaði framkvæmdanefndinni 2. september 2002 kemur fram að Hesteyri ehf. sé að fullu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga en samkvæmt tilkynningu til Kauphallar Íslands 16. ágúst sama ár kemur fram að Hesteyri sé auk Kaupfélags Skagfirðinga að helmingi í eigu Skinneyjar-Þinganes hf., sem er í eigu fjölskyldu Halldórs

Ásgrímssonar. Hæfi forsætisráðherra er nú til athugunar hjá Ríkisendurskoðun, meðal annars vegna tengsla Skinneyjar-Þinganes við Hesteyri. Ástæða þess að bréfin voru rituð var óskir framkvæmdanefndarinnar um að skýrð yrðu ýmis atriði sem sneru að eignaraðild þeirra sem hugðust kaupa bankana. Kristinn segir að það sé hans mat að þessi ranga upplýsingagjöf hafi ekki orðið til neins skaða þar sem umrætt bréf hafi verið ritað vegna áhuga S-hópsins á Landsbankanum, sem hafi síðar verið seldur öðrum aðilum eins og kunnugt sé, auk þess sem það hafi verið almenn og opinber vitneskja hverjir ættu Hesteyri. Kristinn ritaði framkvæmdanefndinni bréf öðru sinni 31.

október 2002, þegar hópurinn sóttist eftir kaupum á Búnaðarbankanum, sem hann síðar eignaðist. Í því bréfi er Hesteyrar ekki getið sem dótturfélags Kaupfélags Skagfirðinga enda var fyrirtækið þá ekki lengur að helmingshluta í eigu Kaupfélags Skagfirðinga á móti Skinney-Þinganesi, heldur hafði Kaupfélag Skagfirðinga selt hlut sinn til Fiskidju Skagfirðinga, sem er einnig dótturfélag Kaupfélagsins. Hesteyrar var hins vegar getið í bréfinu sem stærsta hluthafans í Keri hf. en án þess að fram kæmi hverjir eigendur Hesteyrar væru. Ker varð síðar næststærsti hluthafinn í Búnaðarbankanum. Ekki náðist í forsvarsmenn Deloitte&Touche í gær.

Nakin mótmæli: Hvetja fólk til að hjóla

BRETLAND, AP Hundruð naktra hjólréiðamanna mótmæltu á götum London, höfuðborgar Englands, á laugardag og hvöttu fólk til að nota hjól. Tílfnið var afstaða stjórnvalda til bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og menga umhverfið. Hjólréiðamennirnir lögðu af stað frá Hyde Park og hjóluðu framhjá öllum helstu kennileitum borgarinnar. Fjöldinn allur af nöktum hjólréiðamönnum mótmælti einnig á götum Madríd, höfuðborgar Spánar. Flestir mótmælendanna voru karlmenn sem klæddust engu nema skóm og báru hjálm. Skipuleggjendur mótmælanna bjuggust einnig við mótmælum í Ástralíu, Kanada, Bandaríkjunum, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi og Ísrael en mótmælin virðast ekki hafa teygst anga sína hingað til lands.

Stríðsleifar í Reyðarfirði: Sólborg með tundurdufl

FUNDUR Tundurdufl fannst yst í norðanverðum Reyðarfirði um hádegisbil í gær. Það var skipið Sólborg ÞH 270 sem fann tundurduflið við svokallaðan Lagga og tilkynnti lögreglunni á Eskifirði strax um málið. Tundurduflið var gert óvirkt þegar Sólborg ÞH 270 kom með það í land og lögreglan brenndi það um sjöleytið í gærkvöldi. Fágætt er að slíkt finnst í kringum landið en sprengihleðslur úr breskum tundurduflum hafa fundist á Suðausturlandi í svokölluðum Rósagarði sem hlaut nafn sitt vegna mikils fjölda tundurdufla sem þar voru lögð á stríðsárum.



HREINSAD TIL Fólk sópar upp gleri og sprengjubrotum við hliðina á lögregluglú sem skemmdist í sprengingu í miðborg Teheran í Íran í gær. Tvær af fjórum sprengjum sem sprungu í Íran í gær voru bilasprengjur.

Meintur flutningur araba frá Íran veldur usla: Mannskæðustu árásir í áratug

ÍRAN, AP Einn lést og fjórir slösuðust í sprengingu í miðborg Teheran í Íran í gær. Sprengingin varð nokkrum klukkustundum eftir að átta létust og 36 særðust í fjórum öðrum sprengingum sem ætlaðar voru byggingum ríkisstjórnarinnar í Suðvestur-Íran. Yfirvöld segja árásarmennina vera að draga úr þátttöku almennings í forseta-

kosningunum á föstudag. Árásirnar voru þær mannskæðustu í Íran í meira en áratug en sprengingar hafa verið fátíðar síðan í lok stríðsins á milli Írak og Íran árið 1988. Sprengingarnar koma í kjölfar ofsafenginna mótmæla í Ahvaz, höfuðborg Khuzestan-héraðsins í Suðvestur-Íran, vegna meintra áforma um að

breyta hlutfalli araba í landinu. Mótmælin hófust vegna útbreiðslu bréfs sem varaforseti Írans, Mohammad Ali Abtahi, á að hafa skrifað undir. Bréfið innihélt skipun um að færa fólk af öðru þjóðerni en arabísku til Ahvaz til að arabar væru þar í minnihluta en arabar eru þrjú prósent íbúa í Íran. Abtahi neitar að hafa skrifað bréfið.

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Einar, við hvað ertu þá hræddur?

„Þegar stórt er spurt er fátt um svör en ætli ég sé ekki hræddastur við matarboð hjá tengdó.“

Einar Hólmeirsson er arftaki Ólafs Stefánssonar sem hægni skytta í íslenska landsliðinu í handbolta og sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann mætti óhræddur í alla leiki.

Gestir Suðurbæjarlaugar ekki ánægðir með erlenda sjómenn:

Drukknunum vísað frá lauginni

HAFNARFJÖRÐUR „Það eru margir rússneskir og lettneskir togarar í Hafnarfirði þessa dagana og sjómennirnir koma í hópum í lauginna til okkar. Þetta eru afskaplega þrúðir drengir og eru ekki með nein leiðindi en við höfum ansi oft þurft að vísa þeim frá þar sem þeir hafa verið undir áhrifum áfengis.“ segir Daníel Pétursson, forstöðumaður Suðurbæjarlaugar í Hafnarfirði.

„Þegar svona stórir hópar koma eru þeir auðvitað áberandi í laugunum og það er ærslagangur í þeim. Það er erfitt fyrir okkur að taka á móti svona stórum hópum og vísa þeim frá og það veld-

ur okkur vissulega erfiðleikum. Þeir trufla gestina og því er engin furða að sundlaugargestir séu ekki ánægðir.“ segir Daníel en bætir við að sjómennirnir séu alls ekki ókurteisir. „Þeir hafa alltaf sætt sig við það þegar þeim er vísað á dyr og farið. Reglurnar hjá okkur eru öðruvísi en þeir eiga að venjast. Þó að þeir séu búnir að drekka þrjá til fjóra bjóra finnst þeim allt í lagi að fara í sund. Þetta er bara önnur menning.“

SUÐURBÆJARLAUG Sundlaugargestir hafa kvartað undan framgöngu erlendra sjómanna í lauginni.



MAHMOUD ABBAS Abbas hefur hingað til neitað að beita glæpamenn í Palestínu ofbeldi. Í staðinn hefur hann boðið þeim störf fyrir að leggja vopnin á hilluna.

Dauðarefsing í Palestínu:

Fjórir teknir af lífi

PALESTÍNA, AP Palestínsk yfirvöld tóku aftur upp dauðarefsingu í gær þegar fjórir fangar voru teknir af lífi. Dauðarefsingin hafði verið við lýði í Palestínu síðan árið 1994 en Jasser Arafat heitinn, fyrrum leiðtogi Palestínu, bannaði hana árið 2002 vegna harðrar gagnrýni frá Evrópulöndum og mannréttindahópum.

Leiðtogi Palestínu, Mahmoud Abbas, tók refsinguna upp aftur til að halda lögum og reglum í landinu en hann hefur verið gagnrýndur af mannréttindahópum rétt eins og forveri hans.

Þrjár af mönnum voru hengdir en einn skotinn af aftökusveit. Nú eru 47 fangar á dauðadeild í Palestínu og gætu sömu örlög beðið þeirra. ■

LÖGREGLUFRETTIR

OF HRAÐUR AKSTUR Þrjú öku-menn voru teknir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi aðfaranótt sunnudags. Ekki var um ofsahraða að ræða en mennirnir mega allir búast við tilheyrandi sektum.

ÖLVUNARAKSTUR Tveir öku-menn voru teknir ölváðir við akstur í umdæmi lögreglunnar á Húsavík aðfaranótt sunnudags.

ÖLVUNARAKSTUR Sjö manns voru teknir grunaðir um ölvun við akstur í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík aðfaranótt sunnudags og fram á morgun.

Lagarfoss stöðvaður vegna ammoníakleka

Eiturefnakafarar taka á móti Lagarfossi þegar hann kemur til hafnar. Skipið fékk að halda áfram siglingunni hingað til lands eftir að komist var fyrir ammoníakleka í gámi. Skipið var undan ströndum Skotlands lekans varð vart.

SLYS Flutningaskip Eimskipa, Lagarfoss, fékk að halda för sinni til Íslands áfram eftir að komist var fyrir leka í ammóníaksgámi sem upp kom í skipinu aðfaranótt laugardags. Skipið var stutt undan ströndum Skotlands þegar lekinn kom upp og var strandgæslan í Aberdeen þegar látin vita.

Skipstjórinn stöðvaði ferð skipsins meðan áhöfnin fylgdist með lekanum. Hann hætti sjálfkrafa nokkrum klukkustundum síðar, að sögn Eypórs Ólafssonar, öryggisstjóra Eimskipa. Ekki fékkst staðfest hvort eiturefnasérfræðingar á vegum skosku strandgæslunnar komu út í skipið til þess að fylgjast með lekanum, þar sem ekki náðist í Lagarfoss í gær.

Talið er að loki hafi opnast á gámi með þeim afleiðingum að ammóníak flæddi út í andrúmsloftið. Grunsemdir vöknudu um lekann hjá áhöfn skipsins eftir að ammóníaklykt barst út í andrúmsloftið. Að sögn Eypórs voru öryggisráðstafanir gerðar í kjölfarið en um borð eru efnagallar og öndunarbúnaður fyrir áhöfn. Ekki kom til tals að rýma skipið.

Lagarfoss er væntanlegur til landsins snemma dags í dag en ákveðið var að beina skipinu að Grundartangahöfn þar sem búist er við að vindátt verði hagstæð. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tekur á móti skipinu og sjá tíu eiturefnakafarar til þess að alls öryggis verði gætt við losun gámsins.

Ekki er vitað með vissu hversu mikið ammóníak lak en Eypór



LAGARFOSS Talið er að tugir kílóa af ammóníaki hafi lekið úr tanki í skipinu aðfaranótt laugardags.

telur líklegt að það hafi numið nokkrum tugum kílóa. Ammóníak er eiturefni og getur verið hættulegt ef mikið magn þess losnar út í andrúmsloftið en Eypór segir enga hættu hafa verið á ferðum af

völdum lekans í Lagarfossi. Mun meira magn þurfi að losna til þess að hafa áhrif á umhverfið. Ammóníak er kæliefni og mikið notað hérlendis, meðal annars í frystihúsum. helgat@frettabladid.is

Tímamót í Kúvæt:

Kona skipuð ráðherra

KÚVÆT Kona hefur í fyrsta sinn í sögu Kúvæt verið skipuð ráðherra í ríkisstjórn landsins, mánuði eftir að kúvæska þingið samþykkti að veita konum kosningarétt og kjör-gengi í þingkosningum.

Massouma al-Mubarak, háskólakennari í stjórnmálafræði, var skipuð ráðherra skipulagsmála og stjórnsýslubrúnar. AFP-fréttastofan hafði eftir henni að skipun hennar væri „mikill heiður fyrir kúvæskar konur og viðurkenning á baráttu þeirra“. ■

R-listaflokkarnir:

Viðræðuhlé

STJÓRNMÁL Viðræðunefnd flokka-anna þriggja sem standa að R-listanum ákvað að síðasta fundi sínum á fimmtudag að gera hlé á viðræðum til 27. júní. Þá yrði reynt að hraða niðurstöðum um tilhögun framboðsmála þegar flokkarnir kæmu saman aftur eftir hlé. - hb

Handtaka á Ísafirði:

Hassfundur

FÍKNIEFNI Fjórir menn voru handteknir á Ísafirði á laugardagskvöld með lítilræði af fíkniefnum í fórum sínum.

Mennirnir voru í kyrrstæðum bíl við þjóðveginn og reyktu hass þegar lögregla kom á staðinn. Mennirnir voru færðir á lögglustöðina á Ísafirði en sleppt eftir yfirheyrslu. - lk

KÍNA

MANNSKÆTT FLÓÐ Björgunarlið leitaði í gær líka sautján skólubarna sem var saknað eftir skyndilegt flóð sem hreif burtu skóla í Norðaustur-Kína og banaði 92. Í hótélbruna í Suður-Kína, sem einnig varð í gær, fórst 31 maður.



Forsvarsmenn sveitarfélaga á Norðurlandi og fulltrúar iðnaðarráðuneytis:

Hittast í dag og ræða álver

ÁLVER Fulltrúar sveitarfélaga á Norðurlandi og iðnaðarráðuneytisins hittast í dag að máli til þess að ræða möguleika á álveri á Norðurlandi. Tilgangur fundarins er að reyna að ná samstöðu Norðlendinga um undirbúning álversins. Slíku samstarfi var komið á meðal sveitarfélaga á Austurlandi í aðdraganda álversbyggingar í Reyðarfirði og reyndist vel að sögn Andrésar Svanbjörnssonar, yfirverkfræðings í iðnaðarráðuneytinu.

Ekki er komið í ljós hvar á Norðurlandi álver risi en þrjár staðir koma þar enn helst til greina: Skagafjörður, Eyjafjörður og Húsavík. Forsvarsmenn sveitarfélaga sem rætt var við í gær sögðu viðræður sveitarfélaga og ráðuneytis hafnar en tillögur skildu enn allt eftir opið varðandi hvaða staður yrði endanlega fyrir valinu. - ht



HÚSAVÍK Einn þeirra staða þar sem til greina kemur að reisa álver.



Kalos SE
kr. 1.199.000,-



Lacetti Sport
kr. 1.499.000,-



Lacetti cdx
kr. 1.599.000,-




Lacetti cdx Station
kr. 1.699.000,-



Tacuma cdx
kr. 1.689.000,-



Evanda Executive
kr. 2.399.000,-



Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggríps-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins **kr. 1.699.000,-**
kr. 1.879.000 sjálfskiptur.

SUMARAUKI!



Amerískt Weber ferðagagrill fylgir öllum Chevrolet.



hausverk / SIA

Bílabúð Benna

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.
Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is



CHEVROLET

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,22	64,52
Sterlingspund GBP	117,21	117,77
Evra EUR	78,55	78,99
Dönsk króna DKK	10,55	10,61
Norsk króna NOK	10,01	10,07
Sænsk króna SEK	8,52	8,57
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR XDR	94,55	95,11

Gengisvísitala krónunnar

110,41 +0,17%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Góðgerðartónleikar gegn eyðni í Tromsø:

Rokkað með Mandela gegn eyðni

NOREGUR. AP Nelson Mandela og alþjóðleg breiðfylking tónlistarstjarna þrýstu á ríkar þjóðir heims að leggja meira af mörkum til baráttunnar gegn eyðni-sjúkdómnum og fátækt á góðgerðartónleikum í Tromsø í Norður-Noregi á laugardagskvöld.

„Látum hvert barn vera heilbriggt barn,“ sagði Mandela í ávarpi til hinna um það bil átján þúsund áheyrenda sem mættir voru á tónleikana. „Við vitum hvað þarf að gera og hve mikið það kostar. Við þurfum núna forystu, sýn og pólitískt hugrekki,“ sagði hann.

Tónleikarnir, sem báru yfirskriftina 46664 Arctic Concert, voru nefndir eftir fanganúmerinu sem Mandela bar þau 27 ár sem hann var pólitískur fangi í stjórnartíð hvíta minnihlutans í Suður-Afríku. Tónleikarnir í Tromsø voru liður í röð slíkra góðgerðartónleika. Meðal tónlistarmanna sem fram komu voru Peter Gabriel, Annie Lennox, Robert Plant og Razorlight, að ógleymdri hljómveit Gunnlaugs Briem, Earth Affair. ■

GEGN EYÐNI OG FÁTÆKT Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, ávarpaði tónleikagesti í Tromsø.



Ungverskir sósíalistar:

Stórt tap

BÚDAPEST. AP Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, viðurkenndi á laugardag að Sósíalístaflókkurinn hefði beðið stóran ósigur í forsetakosningunum fyrr í þessari viku. „Flokkurinn beðið sársaukafullan ósigur í þessum kosningum. Það versta er að hann tapaði ekki fyrir keppinautnum heldur tapaði hann í raun og veru fyrir sjálfum sér,“ sagði Gyurcsany.

Þingið kaus fyrrum dómara í stjórnarskrárrétti, Laszlo Solyo, til að taka við af núverandi forseta, Ferenc Madl, en fimm ára kjörtímabili hans lýkur í ágúst. ■



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON „Við höfum reynt að sinna ferðalöngunum eftir bestu getu og útvegað þeim hótélgistingu, mat og þess háttar,“ segir Guðjón.

Bilun í vél Icelandair:

36 tíma töf

FLUG Töf varð á vél Icelandair til San Francisco frá Keflavík síðdegis á laugardag vegna bilunar. Vélin lagði ekki af stað á áfangastað fyrr en um miðnætti í gær. Þar af leiðandi varð einnig töf á flugi Icelandair frá San Francisco til Keflavíkur. Töfin nam einum og hálfum sólarhring og hugðust einhverjir ferðalanganna ætla að sækja bætur til Icelandair.

„Við höfum reynt að sinna ferðalöngunum eftir bestu getu og útvegað þeim hótélgistingu, mat og þess háttar. Í framhaldinu verður tekið á því hvort ferðalangarnir fái bætur en þetta er fólk af ýmsum þjóðernum, bæði Evrópubúar og Bandaríkjamenn,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafultrúi Icelandair. - lk

Útafakstur á Eskifirði:

Beltin bjarga

ÚTAFAKSTUR Ökumaður missti stjórn á bíl sínum og keyrði út af á Norðfjarðarvegi um miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Samkvæmt lögreglunni á Eskifirði slapp ökumaður ómeiddur en hann getur þakkað öryggisbeltunum fyrir það. Bíllinn er einnig lítið skemmdur og vel ökufær.

Ekki er ljóst sem stendur af hverju ökumaður missti stjórn á bílnum. - lk

LÖGREGLUFRETTIR

OF HRADUR AKSTUR Lögreglan í Stykkishólmi stóð fyrir öflugu umferðareftirliti á Snæfellsveginum á laugardag. Lögreglan var með tvo bíla á vakt seinni part dags og voru fimmtán ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur, sá hraðasti á 125 kílómetra hraða á klukkustund.

ÖLVUNARAKSTUR Tveir ökumenn voru teknir grunaðir um ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Enn fremur voru tíu ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæminu.

ELDUR Eldur kviknaði í þrem ruslagámum í Árnessýslu aðfaranótt sunnudags. Kviknaði í gámum á Eyrarbakka, á Selfossi og í Grímsnesi en lögreglan á Selfossi telur að þeir sömu hafi verið að verki í öllum tilvikum.



Á VETTvangi Paul Wolfowitz, forstjóri Alþjóðabankans, í vettvangsheimsókn í Abuja í Nígeríu í gær.

Wolfowitz lofar skuldaniðurfellingu

Bankastjóri Alþjóðabankans fagnar samkomulaginu sem náðst hefur um niðurfellingu skulda fátækra ríkja og boðar að brátt verði samið um að létta skuldabyrði Nígeríu og fleiri landa.

NÍGERÍA. AP Paul Wolfowitz, forstjóri Alþjóðabankans, bar í gær lof á sögulegt samkomulag sem náðst hefur um niðurfellingu skulda nokkurra fátækustu ríkja heims. Hann sagðist jafnframt vongóður um að samkomulag myndi takast bráðlega um að létta skuldabyrði Nígeríu, skuldugasta lands Afríku.

Wolfowitz lét þessi orð falla í Abuja, höfuðborg Nígeríu, en það var fyrsti viðkomustaðurinn í Afríkuheimsókn hans, þeirri fyrstu sem hann fer í eftir að hann tók við stjórn Alþjóðabankans, sem hefur það hlutverk að styðja við framfarir í þróunarlöndum.

Fjármálaráðherrar átta helstu iðnríkja heims, G8-hópsins sva-nefnda, sömdu um það á laugardaginn að 40 milljarða dollara

skuldir átján fátækra ríkja skyldu felldar niður. Flest eru þessi ríki í Afríku. Stór hluti skuldanna var við alþjóðlegar lánastofnanir, ekki síst Alþjóðabankann. Alls nema erlendar skuldir Afríkurríkja um þessar mundir um 300 milljörðum dollara, andvirði yfir 19.000 milljarða króna.

Wolfowitz fullyrkti að skuldaniðurfellingin „myndi ekki koma niður á nýjum framlögum til þróunaraðstoðar“. Ríku löndin hefðu nú um helgina heitið einum milljarði dollara, 64 milljörðum króna, í viðbótarframlög til fátækustu ríkjanna. G8-ráðherrarnir hétu því að leggja fram aukafé til að bæta Alþjóðabankanum og Afríska þróunarbankanum upp tapið sem skuldaniðurfellingin hefur í för með sér.

Nígería er fjölmennasta og

jafnframt skuldugasta land Afríku. En þar sem það er einn stærsti olíuútflytjandi heims uppfyllir það ekki skilgreiningu Alþjóðabankans um lágtekjuland. Og spilt stjórnarsýsla hefur ekki hjálpað til heldur. Samningar um eftirgjöf skulda Nígeríu eru því flóknari en allra fátækustu ríkjanna.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem verður gestgjafi á leiðtogafundi G8-ríkjanna í Skotlandi í júlí, mun í dag hitta Vladimir Pútín Rússlandsforseta í Moskvu og Gerhard Schröder Þýskalandskanslara í Berlín á ferð sinni milli höfuðborga ríkjanna átta þar sem hann reynir að afla stuðnings við metnaðarfulla áætlun sína um stóruka þróunaraðstoð og heimsátak gegn loftmengun. - aa

FLEX MUSIC OG SMIRNOFF KYNNA RISA KLÚBBAKVÖLD Á NASA 16.06.05

NICK WARREN

ÁSAMT GRÉTARI G OG DANNA

SMIRNOFF TWISTED KYNNING Á MEÐAN BYRGÐIR ENDAST

FORSALA Í ÞRUMUNNI // MIDAVEÐ EINGÖNGU 1500 KR. Í FORSÖLU HÚSIÐ OPNAR 23.00 // NÁNARI UPPLÝSINGAR Á FLEX.IS

flexmusic

GLOBAL UNDERGROUND


VEÐRIÐ Í DAG

BJART OG HLYTT A SUÐVESTURLANDI Í DAG

Það verður bjartast á suðvesturhorni landsins í dag og jafnframt hlýjast. Á morgun er lægð að nálgast landið úr austri og það fer að rigna um landið austanvert. Væntanlega verður þó áfram nokkuð bjart á vesturhelmingi landsins. Það gæti kólnað heldur norðan til á landinu á morgun enda norðlægur áttir ríkjandi.

Kveðja, Ingibjörg Karlsdóttir, náttúrufræðingur.


Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	12°C rigning	7lasgow	14°C rigning
London	17°C hálfskýjað	Stokkhólmur	19°C hálfskýjað
Paris	21°C hálfskýjað	Barcelona	23°C hálfskýjað
Frankfurt	20°C alskýjað	Helsinki	16°C rigning

Á morgun



Þriðjudagur



Fremur hæg norðaustlæg eða austlæg átt.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

NÝR

SWIFT



Swift er nýr bíll frá grunni, hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað.

Swift er bíll sem setur alveg ný viðmið
í hönnun, útliti og aksturseiginleikum minni fólksbíla.

Swiftinn er mættur - komdu að leika!

„Swiftinn nýi er dálítið sviplíkur BMW Mini. Smekklegt útlit óneitanlega...Sæti og allar innréttingar eru vandaðar og smekklegar og framsætin raunar ekki síðri en í ýmsum miklu stærri og dýrari evrópskum bílum...í það minnsta eru hjóla- og veggny frekar sjaldgæfir. Swiftinn er miklu líkari mun stærri og dýrari bílum...”

FÍB blaðið, 1. tbl. 2005



 **SUZUKI**
...er lífsstill!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is



KJÖRKASSINN

Parft þú að fá þér nýtt vegabréf í sumar?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	29%
Nei	71%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú kött sem er ómerktur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Hluta refsingar frestað vegna dráttar á rannsókn:

Afgreiðslustjóri sparisjóðs dæmdur í fangelsi

DÓMSMÁL 37 ára gömul kona var fyrir helgi dæmd í níu mánaða fangelsi og til greiðslu rúmlega átta milljóna króna skaðabóta til Sparisjóðs Hafnarfjarðar vegna umboðssvika í störfum sínum fyrir sjóðinn árin 2000 til 2003.

Konan starfaði sem afgreiðslustjóri hjá sparisjóðnum og notaði aðstöðu sína til að heimila skuldfærslur á kreditkort sín þrátt fyrir vanskil og til að taka út peninga. Þá stofnaði hún til fjölgreiðslusamninga eftir því sem skuldir hennar undu upp á sig. Hún stofnaði

einnig greiðslukortareikning fyrir þáverandi sambýlismann sinn án þess að fyrir lægi umsókn hans og notaði hún aðgangsorð samstarfsmanns til að hækka yfirdráttarheimild á tékkareikningi sambýlismannsins.

Sex mánuðir refsingar konunnar eru skilorðsbundnir í tvö ár, en dómurinn segir það til komið af óútskýrðum drætti á rannsókn málsins. Kæra var lögð fram 21. júlí 2003 og skýrsla tekin af konunni í ágústlok sama ár, þar sem hún játaði brot sitt. Skýrsla var svo ekki tekin aftur



SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR Kona sem starfaði sem afgreiðslustjóri hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg var fyrir helgi dæmd til greiðslu átta milljóna króna skaðabóta og í níu mánaða fangelsi vegna brota sem framin voru í starfi árin 2000 til 2003. Myndin var tekin árið 2003 eftir bankarán.

fyrir en 12. apríl á þessu ári og inn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness. - ók

Ólæti í Keflavík:

Veifaði kynfærum sínum

LÖGREGLA Nokkuð var um að vera hjá lögreglunni í Keflavík á aðfararnótt sunnudags.

Stúlku var hrint fyrir utan skemmtistaðinn Traffic í Hafnarargötu í Keflavík rétt upp úr fjögur í gærnótt og var óskað eftir aðstoð lögreglu þar eð stúlkan hafði slasast lítillaga. Ekki voru þetta síðustu afskipti lögreglunnar þetta kvöldið við skemmtistaðinn, því að tæpri klukkustund síðar var hún aftur kölluð út að skemmtistaðnum þar sem stúlka hafði sparkað í bifreið. Reyndist hún ósátt við að hafa verið vísað út af skemmtistaðnum.

Örfáum mínútum síðar var lögreglan aftur kölluð út en þá á Aðalgötu, þar sem tilkynnt var um nakinn mann sem var að veifa kynfærum sínum. Lögreglan fann manninn ekki. Einnig bárust lögreglunni fjögur hávaðaútköll þessa sömu nótt. - lk

Umferð í Keflavík:

Of greitt ekið

LÖGREGLA Mikil umferð var í umdæmi lögreglunnar í Keflavík aðfararnótt sunnudags og talsvert um umferðarlagabrot.

Tveir ökumenn voru kærðir fyrir meinta ölvun við akstur og fjórir voru kærðir fyrir of hraðan akstur sömu nótt. Tveir voru teknir á Reykjanessbraut, sá sem hraðar ók mældist á 187 kílómetra hraða þar sem leyfður hámarks hraði er níutíu kílómetrar, og tveir á Njarðarbraut og mældist hraði þeirra 71 kílómetri þar sem leyfður hámarks hraði er fimmtíu kílómetrar á klukkustund. - lk

JAPAN

SPRENGT Í SKÓLA Átján ára japanskur skólalitur olli mikilli skelfingu er hann varpaði heimagerðri sprengju inn í skólastofu í menntaskóla í Suður-Japan í gær. 56 nemendur særðust er púðurfullt glerkrukan sprakk nærri kennaraborðinu og þeytti glerbrotum í allar áttir.

Hljómgrunnur fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu

Margvíslegustu hugmyndir um uppfærslu á stjórnarskrá lýðveldisins komu fram á ráðstefnu sem stjórnarskrárnefnd efndi til um helgina.

STJÓRNARSKRÁRMÁL Að forsetaembættið verði lagt niður, bannað verði að stofna íslenskan her og að vatn verði lýst almannaeygn voru meðal tillagna um breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem fram komu á ráðstefnu sem stjórnarskrárnefnd hélt á Hótel Loftleioðum á laugardeg.

Á ráðstefnunni fengu fulltrúar félagasamtaka sem sent höfðu inn erindi til stjórnarskrárnefndar tækifæri til að færa rök fyrir tillögum sínum og fá viðbrögð félaga í nefndinni. Þar sem ráðstefnan var opin almenningi gafst jafnframt öllum þeim sem áhuga höfðu tækifæri til að leggja orð í belg í umræðunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Alls var það 21 félag sem sendi inn erindi til nefndarinnar áður en tilskilinn frestur rann út, en þau eru birt á heimasíðunni www.stjornarskra.is. Meðal þessara félaga eru Barnaheill, BSRB, Félag heyrnarlausra, Frjáls-hyggiufélagið, Heimssýn, Landvernd, Mannréttindaskrifstofa Íslands, ReykjavíkurAkademían, Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju, Samtök herstöðvandanstæðinga, Skýrslutæknifélag Íslands, Undirbúningshópur kvenna um stjórnarskrárbreytingar og Þjóðarhreyfingin.

Eins og þessi upptalning ber með sér voru tillögurnar af margvíslegasta tagi og snerta nær alla þætti stjórnarskrárinnar. Þó er ljóst að sumar þeirra eiga meiri möguleika á að verða að veruleika en aðrar. Út úr viðbrögðum fulltrúa stjórnarskrárnefndar mátti lesa að þótt ákvæðið hefði verið að einkorða endurskoðunina nú ekki við fyrsta, annan og fimmta kafla stjórnarskrárinnar, eins og upprunalegt erindisbréf hennar hljóðaði upp á, væri sennilegra að samstaða næðist um breytingar ef þær yrðu ekki of víótækar. Verk-



STJÓRNARSKRÁIN RÆDD Fulltrúar frjálsra félagasamtaka kynntu tillögur sínar fyrir stjórnarskrárnefnd og öðrum ráðstefnugestum í þremur málstofum.

efni stjórnarskrárnefndar, sem er skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna, er að leggja fram frumvarp að breytingum á stjórnarskránni fyrir árslok 2006.

Við upphaf ráðstefnunnar benti Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor á að það væru þessir þrjár nefndu kaflar – í þeim er kveðið á um skiptingu ríkisvaldsins, vald forseta og ráðherra og dómsvaldið – væru „fornfálelegustu“ hlutar stjórnarskrárinnar, enda hefur þeim sama og ekkert verið breytt frá því lýðveldisstjórnarskráin var samþykkt árið 1944 og að kjarna til eru ákvæðin sem þeir innihalda ættuð beint úr dönsku stjórnarskránni frá miðri 19. öld. Ákvæðin endurspegluðu annan stjórnskipunarlegan raunveruleika en nú væri við lýði og þetta ósamræmi væri óæskilegt. Ágreiningur um túlkun þeirra, eins og upp kom um 26. greinina í fyrrasumar,

skapaði réttaróvissu sem æskilegt væri að eyða með skýrari uppfærðum ákvæðum.

Geir H. Haarde, varaformaður stjórnarskrárnefndar, sleit ráðstefnunni en hann nefndi í lokaorðum sínum að sér heyrðist það eiga talsverðan hljómgrunn að tekið yrði upp í stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Í umræðunni hefur sá möguleiki helst verið nefndur í þrenns konar samhengi; að tiltekinn fjöldi kjósenda geti knúid fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið mál og slíkt ákvæði komið í staðinn fyrir svonefndan málskotsrétt forseta í 26. greininni; að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu ef stjórnvöld gera samninga sem fela í sér umtalsvert framsal á ríkisvaldi til fjölþjóðlegra stofnana; og loks að samþykkt stjórnarskrárbreytinga verði aðskilin frá þingkosningum. audunn@frettabladid.is



BEINT FLUG TIL ÍRLANDS

Í tengslum við einstakt leiguflyg til Dublinar getur Úrval Útsýn boðið flugsæti í eina viku til Dublin frá 17. - 24. júní.



Flugtímar:

Keflavík – Dublin 17. júní: 10:30 - 14:00
Dublin – Keflavík 24. júní: 15:00 - 16:30

Það er fágætt að Íslendingar eigi þess kost að fljúga beint til Írlands að sumri til og upplifa fegurð þessa nágrannalands okkar og vinalagt mannlíf.

VERÐ: 22.900 M/SKÖTTUM BÁÐAR LEIÐIR
17.900 M/SKÖTTUM AÐRA LEIÐINA

Fleiri hljómsveitir bætast við lista Live 8 tónleikanna:

Pink Floyd saman á ný

BRETLAND, AP Skipuleggjendur Live 8 tónleikanna í London sögðu í gær að breska roksveitin Pink Floyd myndi koma aftur saman til að spila á tónleikunum sem fara fram í Hyde Park júlí.

Hljómsveitina skipa gítarleikarinn David Gilmour, trommu-leikarinn Nick Mason, bassaleikarinn Roger Waters og hljómborðsleikarinn Richard Wright en þeir hafa ekki spilað saman á sviði síðan árið 1981 þegar Waters, þáverandi leiðtogi hljómsveitarinnar, hætti.

Hljómsveitin sló í gegn árið 1973 með plötunni Dark Side of the Moon, sem er fyrir löngu orðin klassík í roksögunni.



DAVID GILMOUR Hann mun þenja raddbóndin ásamt hljómsveitarmeðlimum Pink Floyd í júlí.

1-9

Ég var látin laus 3. mars.

„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell, mannsins sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búið að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.

Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“

Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík

3.990*

HiveLite

Práðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér fráðlaust internet, 4GB niðurhal, 8Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



SÉRHÆFÐUR BÓKNÁMSSKÓLI

Opnir dagar

Í tilefni af innritun verða opnir dagar í Menntaskólanum við Sund dagana 13. og 14. júní frá kl. 8.10 til kl. 19.00 báða dagana.

• NÁMSFRAMBOÐ

Gestum gefst kostur á að fræðast um skólann, skoða sig um og kynna sér námsframboðið.

• RAFRÆN INNRIÐUN

Stjórnendur og námsráðgjafar verða til viðtals og veita nemendum aðstoð við val og innritun. Rafrænni innritun lýkur á miðnætti 14.júní.

VERIÐ VELKOMIN



Menntaskólinn við Sund | Gnoðarvogi 43 | 104 Reykjavík
sími: 580 7300 | www.msund.is

Alþjóðlegur öryggisstaðall fyrir vegi:

Meta íslensku þjóðvegina

SAMGÖNGUR Rannsóknir verða gerðar á íslenska vegakerfinu í sumar út frá alþjóðlegum vegöryggisstaðli EuroRAP. „Þetta er alþjóðlegur öryggisstaðall byggður á stöðluðu kerfi um mat á öryggi vega. Hann byggist á því að meta umhverfi, mannvirki og annað sem tengist öryggi vegarins,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.


Fulltrúar frá EuroRAP koma hingað til lands og hafa umsjón með athugunum. Til að byrja með verða gerðar athuganir á helstu vegum í um 50 km radius frá höfuðborgarsvæðinu. „Hugmyndafræðin með EuroRAP er sú að við sem neytendur getum haft hugmynd um aðstæð-



EUORAP Bill líkur þessum, Mercedes Benz A-150, verður notaður við vegamat EuroRAP. „Ur á þeim vegum sem við keyrum á, þetta er því verkfæri fyrir hinn almenna neytanda og eins viðmiðunarstaðall fyrir vegagerðarmenn, annars vegar milli svæða og hins vegar milli landa,“ segir Runólfur.

Íslenskum vegum verða síðar gefnar stjörnur frá einni upp í fjórar eftir öryggi út frá EuroRAP. Fyrstu niðurstöður rannsókna verða birtar í haust.

- if



Í **TÓBAKSVERSLUNINNI BJÖRK** Sölví Óskarsson í tóbaksversluninni Björk við Bankastræti þarf að draga tjald fyrir hluta varningsins sem hann hefur að bjóða í verslun sinni til að forðast brot á tóbaksvarnarlöggjöf.

Japan Tobacco og verslunin Björk gegn ríkinu:

Tóbaksdómur fyrir Hæstarétt

DÓMSTÓLAR Áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Japan Tobacco og tóbaksverslunarinnar Björkar frá því í lok apríl. Í honum var hafnað kröfum um að stilla mætti út tóbaksvörum í versluninni og um að tóbaksframleiðandinn mætti birta upplýsingar um tóbaksvarning sinn, svo sem um útlitsbreytingar pakkninga eða breytingar á tóbaksblöndun.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður fyrirtækjanna, telur einstakt að sett hafi verið á samskiptabann fyrirtækja og markaðar líkt og gert var með tóbaksvarnarlögum. Hann segir Evrópureglur kveða á um að taka þurfi tillit til viðskiptahagsmuna og hugverkarréttinda við takmörkun á sölu og dreifingu, en áréttar að fyrirtækið sé ekki að mótmæla gildandi banni á tóbaksauglýsingum.

Um miðjan maí var ríkið einnig sýknað af kröfum tóbaksframleiðandans British American Tobacco þar sem kröfur voru áþekkar og hjá Japan Tobacco. Jakob R. Möller, lögmaður fyrirtækisins, segir ekki búíð að taka ákvörðun um hvort því máli verði áfrýjað, en fyrirtækið fékk þýddan dóminn fyrst í hendur í byrjun vikunnar.

- óká

frelsi

Línuskautar

fyrir alla fjölskylduna
einnig úrval af hlífum og hlífasettum

Rafdrifin hlaupahjól
algjört æði...

<p>FILA FF 45 dömu/herra</p>	<p>FILA FF 50 dömu/herra</p>	<p>FILA Megalite barna</p>
<p>Vandaðir línuskautar 78 mm gúmmihjól CoolMax föðrun sem tryggir öndun. Stærðir: 37-47 Verð frá kr. 12.886,-</p>	<p>Vandaðir línuskautar 78 mm gúmmihjól CoolMax föðrun sem tryggir öndun. Stærðir: 37-47 Verð frá kr. 17.995,-</p>	<p>Vandaðir barnalínuskautar stækkanlegar stærðir 29-32 / 32-35 35-38 Verð kr. 9.935,-</p>

Fyrir 10 ára og yngri handbremsa 3 litir: silfur rautt blátt

Aðeins kr. 9.587,-

ÖRNINN

STOFNAD 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891

www.orninn.is



LAMISIL®

TERBINAFINE

...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn

Morgunblaðið · 1 apríl

Rannsókn sýnir að fótsveppir eru miklu algengari í karlaklefum sundlauga

Stærri fætur karlmanna gætu haft áhrif

Um 65% sundlaugargesta voru karlar og 26% þeirra voru smituð

Ettir Rúnar Pálmason
runarp@mbi.is

gert, eru þau tándurhrein og algjörlega laus við sveppamengun," segir hún. Þetta ástand var þó ekki leitt eftir sundlaug þar sem gætt var vel.

Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið fótsveppir?

Fæst án lyfseðils

**Einu sinni á dag
í eina viku
drepur fótsveppinn!**





VEISTU SVARID?

- 1 Með hvaða gráðu útskrifaðist Vilhjálmur prins á dögunum?
- 2 Hve margar konur tóku þátt í Kvinnahlaupinu á laugardaginn?
- 3 Hvaða heimspekkta fyrirsæta heim sótti Ísland vegna tiskusýningarinnar sem haldin var í Skautahöllinni á föstudag?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Ísland nýtur góðs af styrkúthlutunum NORA:

Erum með í 14 af 20 verkefnum

ALPJÓBASTARF Ísland er þátttakandi í 14 af 20 verkefnum sem NORA, Norður-Atlantsnefndin, hefur ákveðið að styrkja með fjárveitingu upp á 39,4 milljónir króna. Fjallað var um 40 styrkumsóknir á ársfundi nefndarinnar dagana 4. og 5. júní í Nuuk á Grænlandi. Um er að ræða margvísleg samstarfsverkefni á milli Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs.

Þórarinn V. Sólmundarson, tengiliður NORA á Íslandi, segir að nú séu í gangi um 40 verkefni sem NORA hefur styrkt. „Áhersla á sjávarnyttjar hefur verið mikil, en svo hefur ferðaþjónusta verið rík þarna líka,“ segir hann.

Ákvarðanir um styrki NORA eru teknar einu sinni til tvisvar á ári. „Núna er eitthvað af peningum eftir þannig að ég geri ráð fyrir að við auglýsum aftur eftir umsókn-um í haust.“

Hægt er að sækja um styrk til NORA hvenær sem er ársins, en skilyrði er að verkefni feli í sér samstarf að minnsta kosti tveggja landa eða hafi ótvírætt gildi fyrir tvö, eða fleiri lönd. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina, en frekari upplýsingar um Norður-Atlantsnefndina er að finna á vef Byggðastofnunar, byggdastofnun.is.



VIÐ STÖRF Í REYKJAVÍKURHÖFN Sjávarnyttjar hafa gjarnan verið í forgrunni við styrkúthlutunir Norður-Atlantsnefndarinnar, en einnig ferðatengdur iðnaður af ýmsum toga, sem og skóla- og menntamál.

-óka

Sendu SMS skeytið
BTL GAME
á númerið 1900
og þú gætir unnið.

Dú gætir unnið:
God of War
Kíppur af Coca Cola
DVD myndir
Aðra tölvuleiki
Og margt fleira.

12. hver vinnur. Þennan Verða
ALLIR að eiga

Vinnningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 199 kr/skeytið



FLEIRI Í HÁSKÓLANÁM Aðsókn að Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst fer ört vaxandi. Rektor HR segir atvinnulífið kalla eftir fleira háskólamenntuðu fólki.

Færri komast í nám í háskóla en vilja

Mun færri komast í nám í Háskólanum í Reykjavík og í Bifröst en óska.

Yfir eitt þúsund fá ekki skólavist. Rektorinn í Bifröst segir góða þjónustu við nemendur skila árangri.

SKÓLAMÁL Um sjöftu prósent fleiri óska þess að hefja nám við Háskólann í Reykjavík nú en óskuðu eftir skólavist í fyrra í skólana tvo, sem hafa sameinast í Háskólanum í Reykjavík, það er HR og Tækniháskóla Íslands. Alls hafa 1.700 sótt um nú og munu 950 þeirra komast að.

„Í fyrsta lagi kallar atvinnulífið eftir fleira háskólamenntuðu fólki, bæði í hefðbundnum greinum og á nýjum sviðum. Það er fjöldi tækifæra fyrir fólk með

háskólamenntun. Í öðru lagi eykst eftirspurn með auknu framboði á háskólanámi, nýjum háskólum, nýjum námsbrautum, meiri fjölbreytni í meistaranámi og nýjum tækifærum til að stunda háskólanám með vinnu,“ segir Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, um ástæður þess hversu margir sækja um nú.

Boðið verður upp á tíu nýjar námsbrautir á næsta skólaári og er aðsóknin í þær mikil. Sem

dæmi um það hafa 750 sótt um í nýja tækni- og verkfræðideild skólans.

„Í grófum dráttum hefur fjöldi umsókna tvöfaldast á milli ára. Um fjögur hundruð sóttu um í Bifröst og munum við taka inn um 135 nemendur,“ segir Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Runólfur segir að Viðskiptaháskólinn auki námsframboð og eins sé mikil sókn í meistaranámið í skólanum. -ifv

Húsbréf

Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. júní 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

- 4. flokki 1992 – 46. útdráttur
- 4. flokki 1994 – 39. útdráttur
- 2. flokki 1995 – 37. útdráttur
- 1. og 2. flokki 1998 – 28. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu mánudaginn 13. júní.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800

Breytingar hjá Bandaríkjaher:

Birgðastöðvum lokað í Noregi

NOREGUR, AP Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna og Noregs hafa ritað undir samkomulag þess efnis að herflugvöllum sem geyma birgðir fyrir Bandaríkjaher verði fækkað úr fimm í tvo. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir því að breytingar megi gera á tegund vopnanna og birgðanna sem geymdar eru í landinu fyrir flota-deild Bandaríkjahers. Fyrri samningur landanna um varnarsamstarf var frá árinu 1981.

Kristen Krohn Devold, varnarmálaráðherra Noregs, segir tilhögunina leiða til þess að Bandaríkin geti aðstoðað við varnir Noregs ef þess gerist þörf, auk þess sem hún gerir sameiginlegar æfingar herja landanna mögulegar.

Bandaríkjaher hóf að geyma birgðir í Noregi í kalda stríðinu og miðaðist þá allur viðbúnaður við



RUMSFELD Í TAILANDI Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, var í Tailandi áður en hann hélt til Noregs til fundar við Kristen Krohn Devold, varnarmálaráðherra Noregs. Saman héldu þeir svo til Brussel á fund ráðherra Natóríkja.

hvernig bregðast ætti við innrás Sovétríkjanna.

Að loknum blaðamannafundi vegna samkomulagsins flugu Donald Rumsfeld, varnarmála-

ráðherra Bandaríkjanna, og Devold saman til Brussel þar sem þeir sitja fund varnarmálaráðherra aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins. ■

Við sláum öllu við

ýsan aldrei ódýrari

Glæpsamlegt
verð

Fiskur er hollur
og æðislega
góður



299

kr.pk.

Ýsubitar roðlausir, beinlausir 800 gr.

Ofnbakaður fiskur

1. Fiskurinn soðinn.
 2. Bakaður upp jafningur, hann kryddaður með salti og pipar og múskati.
 3. 2 eggjarauður hrærðar úti.
 4. 2 eggjahvítur þeyttar og hrærðar varlega úti. Grænmeti eða annað sem þér dettur í hug má setja með.
 5. Fiskurinn settur í eldfast mót og jafningnum hellt yfir
- Bakað í ofni í 30-40 mínútur.
Borið fram með kartöflum eða grjónum.



99

kr.kg.

Græn paprika



99

kr.pk.

Gulrætur

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 13. og 14. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

„ORÐRÉTT“

„Viðey er í raun tvær eyjar, Austurey og Vesturey.“

„Ég var búinn að láta mér detta í hug að það væri lax þarna.“

GESTUR GUNNARSSON TÆKNIFRÆÐINGUR UM VIÐEY Í FRÉTTABLAÐINU.

ÓLAFUR HAUKUR ÓLAFSSON FRÁ VALDASTÖÐUM, SEM VEIÐDI LAX VIÐ LAXFOSS Í LAXÁ Í KIÓS. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR SVEITARSTJÓRI

Okkur finnst við ákaflega fyndnar

„Ég hef verið við leik- og söngæfingar að undanförunu,“ segir Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. Sigríður Arnþórsdóttir vinkona hennar hélt upp á sextugs-afmæli sitt á laugardagskvöldið og tóku Guðný og fleiri vinkonur sig til og sömdu dagskrá um Sigríði. „Okkur finnst við vera ákaflega fyndnar en það er spurning hvað öðrum finnst,“ segir Guðný og hlær. Hún segist syngja og leika þegar svo beri undir enda þurfi fólk til sveita að bregða sér í alls konar líki.

Ekki er annað að merkja á Guðnýju sveitarstjóra en að allt gott sé að fréttu úr Grýtubakkahreppi en hann stendur við Eyjafjörðinn austanverðan og þar er kaupúnið Grenivík. „Sunnanáttin er loksins komin en það vantar vætuna,“ segir Guðný og bætir við að bændur séu farnir að reka fé sitt á fjall. Og eitt og annað er á seyði á Grenivík hvað snertir íþróttir. „Við erum hér í óðaönn að útbúa KSÍ sparkvöll og keppumst við að ljúka viðbyggingu við íþróttamiðstöðina svo hægt verði að opna sundlaugina.“

Þó að Grýtubakkahreppur og Grenivík kunni að vera úr leið margra ferðamanna segir Guðný þeim sífellt fjölga sem þangað leggi leið sína. „Fjörðurnar eru mjög vinsælar og verða vinsælli með ári hverju. Gönguferðirnar sem þar er boðið upp á með trússjeppa eru geysimagnaðar og vinsælar,“ segir sveitarstjórinn og talar þar af reynslu. Á dögnum gekk hún hins vegar aðra leið, upp á Laufáshnjúk sem er í sjó til átta hundruð metra hæð, og var útsýnið þaðan himneskt að hennar sögn.

Guðný ætlar ekki að taka sér langt frí í sumar heldur hyggur á styttri ferðir með fellihýsið í togi. Hún tekur sér lengri leyfi yfir vetrartímam og fer þá helst til Kanaríeyja.



SMS leikur

Sendu SMS skeytið **JA MMF** á númerið **1900** og þú gætir unnið. **12.** hver vinnur.

Mr. & Mrs. Smith

Vinningar eru: Miðar f. 2 Mr & Mrs Smith Glæsilegur varningur tengdur myndinni t.d. úr og bolir DVD myndir Margt fleira.

99 kr/skeytið.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

FRÉTTABLAÐIÐ/KINGO



SVIFIÐ TIL JARÐAR María Norðdahl kemur inn til landingar í Hafragrautarkeppinni.

Hafragrautur á flugi

Fisfélag Reykjavíkur hélt árlegt mót við Hafrafell á dögnum. Þar flugu ýmsar furðuverur um loftið þar sem helmingur stiga fékkst fyrir hugmynda- ríkan grímubúning. Svifhlífar eiga vaxandi vinsældum að fagna á Íslandi.

Þúki með horn og hala sveif til jarðar á dögnum. Hann var hluti af stærri hópi furðufugla sem kepptu á árlegu móti Físfélags Reykjavíkur sem kallast því skemmtilega nafni Hafragrautur. Mótið var haldið við Hafravatn og Hafrafell og dregur þar helming nafnsins. Sá síðari stafar af því að mótið er sambland af grímubúning- og punktlandingarkeppni en helmingur stiga fékkst fyrir hugmynda- ríkan búning.

Síðar í júní verður haldið Celtic Cup mót sem er árlegt mót Íra, Skota og Walesbúa. Íslendingar fá að vera með og verður þetta í annað sinn sem mótið er haldið hér á landi en síðast var það haldið hér árið 1997. Hópur erlendrar keppenda kemur til landsins ásamt áhangendum. Mótið verður haldið á Búrfelli í Landssveit en þar eru einnig Íslandsmót físfélagsins haldin en því verður steypt saman við Celtic Cup í ár.

Fisfélag Reykjavíkur á sér langa sögu. Svifdrekafélag var stofnað árið 1978 en síðar var nafninu breytt þar sem nokkur þróun hefur verið í flugi og bæði véldrekar og svifhlífar hafa bæst í hópinn en allt flokkast þetta undir fis. Svifdrekar eru upp- spennitir vængir en svifhlífar eru

eins og fallhlífar sem spennast úr í vindi. Mesta nýliðunin er í svifhlífum en þær eru auðveldar í meðförum og komast fyrir í einum bakboka. Ekki þarf heilan jeppa með toppgrind til að flytja þær eins og svifdrekan.

„Við erum með draumaland

fyrir þetta sport,“ segir Friðrik Kingo Andersen, félagi í Físfélaginu. „Við höfum ekki há tré eða brjálada bændur sem vilja verja akra sína,“ segir hann og vill meina að hægt sé að stunda sportið allan ársins hring.

solveig@frettabladid.is



FURÐUVERUR Einar Garðarsson var sigurvegari Hafragrautsins og er hann til hægri á myndinni. Hann vakti athygli fyrir sérstaklega skrautlegan búning en hann sveif til jarðar með horn og hala. Með honum á myndinni er Kristján B.

BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI

Í dag ...

MÁNUDAGUR 13. júní

12:00 HÁDEGISTÓNLEIKAR í Hafnarborg „Tenór á toppnum“ Jóhann Friðgeir Valdimarsson stórténór og Antonía Hevesi píanóleikari flytja vinsælar canzonettur og aríur frá Ítalíu. Aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

20:00 DÝRAGARÐSSAGA eftir Edward Albee í uppsetningu Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla. Sýningin hlaut mikla athygli þegar hún var sýnd í vetur og hefur nú verið valin á Leiklistarhátíðina *Leikum núna* á Akureyri 2005. Aðgangseyrir kr. 1.000.

Bjartir dagar

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 • Sími 585 5500 • www.hafnarfjordur.is

Ferðamálaráð Íslands spb

Staðreyndirnar tala

– byggingavörur á **betra** verði

Málningavörur	MÚRBÚÐIN	Byko	Húsasmiðjan	Harpa Sjöfn	Mismunur á hæsta og lægsta verði
Útimálning 10 lítrar	2.990 kr. Alfacryl	4.390 kr. Byko úti/inni	4.990 kr. Húsasm. útim.	4.990 kr. Útítex	67%
Innimálning 7% 10 lítrar	2.690 kr. Dekacryl 7	Ekki til	4.590 kr. Jotaproff 7%	4.600 kr. Polytex 7%	71%
Pakmálning 10 lítrar	5.260 kr. Deka Tex	12.203 kr. Pol	10.990 kr. Jötun	15.216 kr. Fjölakryl 50	189%
Sílan (vatnsfæla) pr. líter	492 kr. Deka sílan	1.195 kr. Vatnsvari 40	949 kr. Kisill	990 kr.	143%
Epoxy gólfmálning pr. líter	896 kr. Deka Topp	2.179 kr. Málning	1.585 kr. Sigural	2.388 kr. Aqua epoxy	167%
Samskeytaspartl 28 kg	1.390 kr. Deka Rock	2.300 kr. Sheetrock	3.275 kr. Sheetrock	3.516 kr. Sheetrock	153%
Medium sandspartl 10 lítrar	1.794 kr. Dalapro	2.998 kr. Nordsjö	2.995 kr. Jötun	2.250 kr. Flugger	67%
Spartlspaði 45 cm	751 kr. Spekter	1.481 kr. Spekter	1.695 kr. Anza	810 kr.	126%
Bakki og rúlla	649 kr. Spekter	814 kr. Fia	1.195 kr. Anza	784 kr.	84%
Ofnapensill 50 mm	274 kr. Mako	299 kr. Mako	695 kr. Anza	585 kr. Penslaverksmiðjan	154%
Múrefni / Flísavörur / Áhöld					
Flotefni 25 kg	1.519 kr. ABS 147	1.558 kr. "Flotgól"	2.050 kr. Húsaflot	Ekki til	35%
Glersteinamúr 20 kg	1.560 kr. Optiroc	2.690 kr. Optiroc	Ekki til	Ekki til	72%
Flex flísalím grátt 25 kg	1.595 kr. Deka Flex	1.990 kr. Schomurg	2.795 kr. Mapei keraflex	Ekki til	75%
Múrblanda 5 kg	399 kr. Deka	826 kr. Sika mortel	878 kr. Mapei grout	Ekki til	120%
Múrfata 12 lítra	294 kr. Jopa	513 kr. Jopa	845 kr.	Ekki til	187%
Flísalímglatari 6x6 mm	198 kr. Ranatools	803 kr. Lux	895 kr.	Ekki til	352%
Flísaög 500 w	5.490 kr. Einhell	8.990 kr. Hanseatic	Ekki til	Ekki til	64%
Hræripinni fyrir 20 kg	995 kr. Mako	1.645 kr. Mako	1.995 kr. Unimixer	940 kr. Perfecta	112%
Demantsbolli 5" tvöfaldur	6.990 kr. Dimo	11.516 kr.	20.095 kr.	Ekki til	187%
Granít skurðarblað 300 mm	10.147 kr. Dimo	29.286 kr.	Ekki til	Ekki til	189%
Stepuhrævíel	34.900 kr. Betomix 134 I	67.640 kr. Atika 165 I	64.895 kr. Atika 165 I	Ekki til	94%
Stepuskafa	1.279 kr. Marshalltown	3.776 kr. Kraft	4.899 kr.	Ekki til	283%
Ýmsar byggingavörur					
Rakavarnarplast 0,2 mm	kr. 59 /m²	kr. 102 /m²	kr. 98 /m²	Ekki til	73%
Byggingaplast 0,15 mm	kr. 25 /m²	kr. 69 /m²	kr. 41 /m²	Ekki til	176%
Festifrauð 750 ml	495 kr. Deka	899 kr. Sika	899 kr. Soudal	Ekki til	82%
Límkitti 300 ml	539 kr. Danalim	873 kr. Sika	828 kr. Soudal	1.590 kr. Casco	195%
Verfærakista 22"	1.990 kr. Keter Hammer	1.990 kr.	2.895 kr. Keter Hammer	Ekki til	45%
Álréttskíð 2,5 m m/dropa	4.133 kr.	7.764 kr.	6.419 kr.	Ekki til	88%
Málband 5 m	249 kr. Ranatools	990 kr. Lux	795 kr. KMC	Ekki til	298%
Háþrýstidæla 100 bör	5.900 kr. Einhell	9.900 kr. Bosch Aquat	8.955 kr. Systema	Ekki til	68%

Táknar lægsta verð

Verðkönnun gerð af starfsmönnum Múrbúðarinnar 3. og 4. júní 2005. Leitast var við að velja vörur af sambærilegri gerð.

Hættum að taka mark á innantómum slagorðum

Opið mán. - fös. 8-18 laugardaga 9-17

Lægra verð á byggingavörum fyrir ALLA – ALLTAF!

Það besta er það sem er hæsta verðið
Stóra sátt er við það sem er hæsta verðið
Besta verðið er hæsta verðið
Á VERÐI FYRIR ÞIG
Ekkert mál




MÚRBÚÐIN
 Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

SVONA ERUM VIÐ

Neysla á sykri á mann á Íslandi

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING:

Átökin í Darfur

Hvernig hófust átökin?

Átökin í Darfur, héraði í vesturhluta Súdan, hófust snemma árs árið 2003, eftir að uppreisnarhópur hóf að gera árásir á fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Uppreisnarmennirnir héldu því fram að stjórnarherrarir í höfuðborginni hefðu vanrækt svæðið og að stjórnvöld hygldu arabískum íbúum þess á kostnað svartra.

Hverjir eru uppreisnarmennirnir?

Tveir helstu hópar uppreisnarmanna eru Súdanskir frelsisherinn (SLA) og Réttlætis- og jafnræðishreyfingin (Jem). Báðar þessar hreyfingar hafa verið tengdar Hassan al-Turabi, háttsettu súdönskum stjórnáamanni í stjórnarandstöðu.

Á móti kemur sveit arabískra vígamanna, djandjavíð, sem ríkisstjórnin er sökuð um að beita fyrir sig, auk stjórnarhersins, til að hreinsa

stór svæði Darfur af svörtum íbúum. Flóttamenn af svæðinu segja að í kjölfar loftárása stjórnarhersins ríði djandjavíð-sveitir inn í þorpin á hestum og kameldýrum, drepi menn, nauðgi konum og steli öllu steini léttara. Tilkynnt hefur verið um fjölda kvenna sem hefur verið rænt af djandjavíð-liðsmönnum og haldið sem kynlífsþrælum vikum saman áður en þeim er sleppt.

Hvað er ríkisstjórnin að gera?

Ríkisstjórnin neitar að hún stjórnir á einhvern hátt djandjavíð-sveitunum og forseti Súdan, Omar al-Bashir, hefur kallað liðsmenn þeirra „þjófá og þorpara“. Þrátt fyrir loforð ríkisstjórnarinnar um að afvopna sveitirnar hefur lítið borið á slíki afvopnun hingað til. Þúsundir varalögglumanna hafa verið sendir á svæðið, en flóttamenn hafa litla trú á súdönskum öryggis-sveitum.



AFRÍKUSAMBANDIÐ SINNIR FRÍÐARGÆSLU Afríkusambandið (AU), samtök 53 Afríkurríkja sem áður hétu Einingarsamtök Afríku (OAU), hefur tekið að sér að sinna friðargæslu í Darfur. Þar eru nú á þriðja þúsund friðargæsluliða á vegum samtakanna, meðal annars frá Nígíeríu, en til stendur að fjölga þeim um 5.000. Sumir eru þó efins um að það lið dugi til að framfylgja friðarsamkomulagi milli uppreisnarmanna og súdanska stjórnarhersins á landsvæði sem er stærra en Frakkland að flatarmáli.

Bættar friðarhorfur í

Erindreki Evrópusambandsins í sáttaumleitunum í Darfur í Súdan segist bjartsýnn á að með sameiginlegu átaki alþjóðasamfélagsins muni takast að koma á friði þar syðra.

FRÉTTASKÝRING
FRÍÐARMIDLUN Í SÚÐANAUDUNN ARNÓRSSON
BLÁDAMADUR

Evrópusambandið hyggst gera allt sem í þess valdi stendur til að aðstoða við að sátta- og friðargæsluverkefni Afríkusambandsins (AU) í Darfur í Súdan skili áþreifanlegum árangri. Þetta sagði Sten Rylander, sérlegur sáttaemjari á vegum Evrópusambandsins í Darfur, í samtali við Fréttablaðið, en hann flutti erindi á málþingi sem haldið var í Norræna húsinu í tilefni af því að 7. júní voru rétt 100 ár liðin frá sambands slitum Noregs og Svíþjóðar. Á málþinginu, sem bar yfirskriftina „Norrænt frumkvæði til friðar“, var fjallað um þátt Nöðurlanda í sáttaumleitun og friðargæslu á átakasvæðum heimsins.

Rylander fjallaði í erindi sínu um reynsluna af viðleitni Evrópusambandsins til að miðla málum í Darfur. Rylander hefur starfað í sænsku utanríkisþjónustunni í yfir 30 ár og síðan árið

1979 hefur hann sérhæft sig í málefnum Afríku. Frá því í ágúst 2004 hefur hann starfað sem sérstakur sendiherra Svíþjóðar í Afríkumálum og sem erindreki ESB í Darfur.



NÝ SAMNINGALOTA Abdul Waheed Mohammed, leiðtogi Frelshreyfingar Súdan (SLM), ávarpar friðarsamningafund í Abuja í Nígíeríu á föstudag. Að baki honum sést í Sten Rylander.

Auk Rylanders töluðu á málþinginu Erik Solheim, sem síðan árið 2000 hefur starfað sem erindreki Noregs í norrænu friðarmiðlunarnefndinni á Sri Lanka, og Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri íslenska utanríkisráðuneytisins, en hann fjallaði um „íslenska sýn á friðarviðleitni“.

ESB og NATO ræða verkaskiptingu

Bæði ESB og Atlantshafsbandalagið hafa boðið að leggja Afríkusambandinu til loftflutninga og þjálfun hinna 5.000 friðargæsluliða sem það ætlar að senda til Darfur. Stofnanirnar tvær, ESB og NATO, hafa hins vegar ekki enn komið sér endanlega saman um hvor geri hvað. Málið var rætt á varnarmálaráðherrafundi NATO í Brussel fyrir helgina. Þar var samþykkt að NATO myndi sinna þessum liðsflut-

ingum. Bandaríkjastjórn vildi að NATO sæi um þá alla, en að kröfu Frakka mun hluta liðsins vera flogið í nafni ESB. „Aðalatriðið er að aðstoðin sé veitt“, sagði þýski utanríkisráðherrann Peter Struck. Ráðherrar ESB munu koma saman í þessari viku og ákveða nánar hvaða aðstoð sambandið muni veita.

Brýnt þykir að friðargæsluliðið verði komið á vettvang áður en regntíðin hefst í júlí. Talsmenn NATO hafa sagt að NATO muni aðeins sjá um að koma liðinu til Darfur og aðstoða við að koma upp stjórnstöð fyrir það. Kanadamaður eru eina NATO-þjóðin sem hefur boðið þylrur til að fljúga friðargæsluliðunum milli staða innan Darfur.

Nú þegar eru um 2.700 friðargæsluliðar á vegum Afríkusambandsins í Darfur. „Ástandið á þessu svæði er hræðilegt, og við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur – í samstarfi við aðrar stofnanir, fyrst Evrópusambandið – til að aðstoða Afríkusambandið í viðleitni sinni“, hafði AP-fréttastofan eftir Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO.

„Við gerum allt sem við getum til að styðja Afríkusambandið í þessu verkefni, fyrst og fremst með fjárfraflögum“, segir Rylander um aðkomu ESB að Darfur-verkefninu. Að hans sögn er Súdanstjórn nú orðin mun samvinnuþýðari en áður og hann sé bjartsýnn á að takast muni að koma á friði. Á ríði að fá alla málsaðila að samningaborðinu, en ný lota sáttaviðræðna hófst eftir hálfis árs hlé í Abuja í Nígíeríu nú um helgina. Þar eru saman komnir fulltrúar súdönsku ríkisstjórnarinnar og uppreisnarhreyfinga Darfurbúa

DV

Synir lögreglu-
manns börðu
menntaskóla-
nema til óbóta

Fórnarlambinu
flogið með
sjúkrafli til
Reykjavíkur



Þeir þegar aðrir þegja!



Á FLÓTTA Flóttafólk frá Darfur-héraði bíður læknishjálpar í sandbyl nærri borginni Bamina í Tsjad, austur af Súdan.

Sérfræðingar segja:

Stjórnvöld fari að lögum

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að nýtt umhverfismat yrði að fara fram vegna álversframkvæmdanna á Reyðarfirði. Héraðsdómur hafði áður komist að sömu niðurstöðu í máli Hjörleifs Guttormssonar gegn íslenska ríkinu, Alcoa og Fjarðaáli. Deilt var um lög-mæti umhverfismatsins en Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að ekki þyrfti að fara fram sér umhverfismat fyrir álver Alcoa með 322 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, þar sem mat fyrir fyrirhugað 420 þúsund tonna álver Norsk Hydro hafði þegar farið fram. Umhverfisráðherra staðfesti niðurstöðu Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar veitti í kjölfarið starfsleyfi vegna framkvæmdarinnar. Atli Gíslason var lögmaður Hjörleifs.

Af hverju dugar gamla umhverfismatið ekki fyrir nýtt álver Alcoa?

Álver Alcoa mengar þrjú þúsund tonnum meira af brennisteinsdíoxíði en fyrirhugað álver Norsk Hydro og

fimmftíu prósentum meira af loftbornu flúoríði. Brennisteinsflúoríð hefur áhrif á heilsu og veldur súru regni, sem hefur mikil áhrif á dýralíf. Loftbórið flúoríð hefur meðal annars áhrif á mosa og fléttur. Álver Alcoa beitir ekki bestu fánlegu tækni í mengunarvörnum og mengar þar af leiðandi miklu meira en fyrirhugað álver Norsk Hydro.

Hverjar verða afleiðingar dóms Hæstaréttar?

Ég vona að íslensk stjórnvöld og Alcoa sjái sóma sinn í því að fara að lögum og að besta fánleg tækni verði notuð, það er vothreinsun og þurrhreinsun saman. Þannig er íbúum og dýralífi Reyðarfjarðar minnst hættu búin. Langir hægviðriskaflar inni í firðinum valda því að mengun berst margsinnis yfir fjörðinn og á vissum köflum verður svæling yfir Búðareyri. Það getur haft alvarleg áhrif á heilsu.

Á hverju byggir dómur Hæstaréttar?

Dómurinn byggir á skýrslum opinberra aðila, eins og Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar, en einnig skýrslum Alcoa og Norsk Hydro.



ÞJÓÐARFUNDUR YORKIE-EIGENDA
Börn klappa hér einum af nokkur hundruð Yorkshire Terrier-hundum sem fylgdu eigendum sínum á þjóðarfund eigenda í Varsjá í Póllandi í gær.

Darfur



NORRÆN FRÍÐARMÍÐLUN Sten Rylander talar á málþinginu „Norrænt frumkvæði til friðar“ í Norræna húsinu í síðustu viku.

(SLM/A og JEM), auk sáttasemjara, þar á meðal Rylander fyrir hönd Evrópusambandsins.

Tvær milljónir flóttamanna

Átökin í Darfur blossuðu upp árið 2003 er uppreisnarmenn gripu til vopna gegn því sem þeir sögðu áralanga mismunun stjórnvalda gegn súdönskum blökkumönnum. Ríkisstjórnin í Khartoum er sökuð um að hafa brugðist við með því að beita stjórnarhernum með miskunnarlausum hætti (með „sviðinni jörð“) til að bæla niður uppreisnina og nýtt sér við þetta verk aðstoð arabískra vígamanna (svonefndra djandjavíðsveita). Minnst 180.000 manns eru sagðir hafa fallið í valinn – margir úr vösbúð og vannæringu – og um tvær milljónir flúið heimili sín. Flóttafólkið er nú ýmist á vergangi innan landamæra eða í flóttamannabúðum handan þeirra, aðallega í Tsjad.

Fyrir mikinn alþjóðlegan þrýsting endaði með því í fyrra að ríkisstjórnin greip til þess ráðs að fyrirskipa stjórnarhernum að ráðast gegn djandjavíðsveitunum, sem áður höfðu reyndar verið innlimaðar í herinn, í því skyni að binda enda á blóðsúthellingarnar í Darfur. Ríkisstjórnin hét því um mitt ár í fyrra að afvopna djandjavíðsveitirnar, en lítið hefur frést af því hvernig því heiti hefur verið fylgt eftir.

Eitt helsta vandamálið við sáttavindræðurnar er að sögn Rylanders að fulltrúar helstu uppreisnarahreyfinganna í Darfur hafa mjög litla reynslu af þátttöku í slíkum viðræðum. Því sé þeim mun mikilvægara að miðlunaraðilar með góð tengsl, bæði við uppreisnarmenn sem og ríkisstjórnina í Khartoum, komi að viðræðunum. Bandaríkjamenn hafi góð tengsl við uppreisnarmennina og í aðstöðu til að beita Súdanstjórn þrýstingi, eins séu ýmis ESB-lönd í góðum tengslum við stjórnina og jafnframt í aðstöðu til að beita hana þrýstingi. Vonir standi til að þetta skili á endanum samkomulagi sem tryggir varanlegan frið á svæðinu og geri flóttafólkinu kleift að snúa aftur til síns heima. ■

XS ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGI



Þegar búið er að fylla minniskortið er það tekið úr stafrænu myndavélinni
Því stungið í drifið og afritað með því að stýðja á einn hnapp, kortið tekið úr og notað aftur
Að loknu fríi eða ferðalagi eru myndirnar fluttar í ró og næði af drifinu yfir á tölvu til vinnslu



EINFALT Í NOTKUN
Einstaklega einfalt og öruggt í notkun, bara að stinga kortinu í og ýta á "Copy" hnappinn

UPPLÝSINGAR Á SKJÁ
Handhægur skjár sýnir hleðslu rafhlöðu, stöðu afritunar og ef pláss klárast á harða diskunum

LES FLEST MINNISKORT
Les flestallrar gerðir minniskorta í dag, Compact Flash, Secure Digital, Memory Stick, SmartMedia o.fl.

HLEDSLURAFHLAÐA
Xs Drive II er með innbyggðri Lithium-ion hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 1.6 klst.

HARÐUR DISKUR
Xs Drive II er með innbyggðum hörðum disk sem hægt er að fá í stærðum frá 20GB til 80GB

FLOTT TASKA FYLGIR
Handhæg burðartaska ver drifið fyrir hnjaski og í henni er líka pláss fyrir auka minniskort

20GB 15.900	40GB 16.900	60GB 19.900	80GB 22.900
-----------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Öll verð eru stuðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um innskráningu og brýflingur • Visa og Euro raðgreiðslur til allra að 36 mánuðum

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Með fjölgun háskóla hefur háskólastúdentum fjölgað gífurlega.

Aldrei fleiri í háskólanám

Háskólasamfélagið á Íslandi er stöðugt að verða stærra og stærra. Fleiri og fleiri leggja stund á nám í háskólum landsins og þeim hefur fjölgað mjög hratt á fáum árum. Jafnframt því verður starf þeirra sífellt umfangsmeira, nýjar námsgreinar bætast við, fleiri fara í framhaldsnám og Háskóli Íslands útskrifar fleiri og fleiri doktora. Svo virðist sem fjölgun háskólanna hafi orðið til þess að efla þá hvern og einn. Þegar fyrst kom til tals að setja á stofn háskóla á Akureyri heyrðust margar gagnrýnisráðir úr Háskóla Íslands, sem hafði setið einn að því hér á landi að mennta fólk á háskólastigi. Sem betur fer var settur á stofn háskóli á Akureyri, og ef þakka á það einum manni er það Sverrir Hermannsson, sem þá gegndi stöðu menntamálaráðherra.

Við höfum mjög gott samband við marga háskóla í nágrennalöndunum og góða reynslu af því að senda stúdenta þangað. Hið litla samfélag hér á landi býður ekki upp á mikla fjölbreytni á vissum sviðum, og því getur verið nauðsynlegt fyrir okkur að sækja menntun til annarra landa til að víkka sjónvildarhringinn og fá meiri fjölbreytni.

Síðan Háskólinn á Akureyri var settur á stofn hefur orðið mikil og hröð þróun í háskólamálum hér, og sér ekki fyrir endann á henni. Nýir vindar hafa blásið í háskólasamfélaginu og nýjar áherslur eru nú í háskólanámi, auk þess sem fleiri greinar eru nú kenndar á háskólastigi hér á landi.

En það er ekki sama háskóli og háskóli. Skólar sem bera þetta nafn verða að standa undir því með því að sýna árangur varðandi rannsóknir og framfarir í vísindum. Það verður líka að gera nýju skólunum kleift að standa undir nafni, því annars er hætt á því að háskólar hér njóti ekki þeirrar virðingar erlendis sem nauðsynleg er. Háskólarinn hér verða að standast kröfur erlendra háskóla um kennslu og námsefni, annars er hætt á því að íslenskir háskólastúdentar komist ekki í framhaldsnám hjá virtum og þekktum háskólum austan hafs og vestan. Það hýtur að vera keppikefli skólanna hér að nemendur þeirra komist í virtustu menntastofnanir heims, en að hér sé ekki eingöngu stunduð færbandamentun.

Líkur eru á því að næsta haust verði fleiri nemendur í háskólum hér á landi en nokkru sinni fyrr. Tölur um innritun nýnema benda til þess. Það er líka greinilega orðin samkeppni milli háskólanna um nemendur, jafnvel Háskóli Íslands er farinn að auglýsa nám í einstökum greinum. Þar á bæ hafa menn vaknað upp við aukna samkeppni, ekki aðeins á viðskiptasviðinu og ýmsum öðrum greinum heldur líka verkfræði og fleiri greinum. Það er svo spurning hvort þörf sé á að kenna ákveðnar greinar hér í mörgum háskólum, og það er líka spurning hvort hér eigi að halda uppi fámennum dýrum deildum fyrir mjög sérhæft nám. Þetta eru hlutir sem yfirvöld menntamála verða að vega og meta. Við höfum mjög gott samband við marga háskóla í nágrennalöndunum og góða reynslu af því að senda stúdenta þangað. Hið litla samfélag hér á landi býður ekki upp á mikla fjölbreytni á vissum sviðum og því getur verið nauðsynlegt fyrir okkur að sækja menntun til annarra landa til að víkka sjónvildarhringinn og fá meiri fjölbreytni. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍDJÁ HÆÐIN

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS**,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá fritt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000

midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning

CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞÍJÓÐ

Þri 14/6 kl 20,

Mi 15/6 kl 20,

Fi 16/6 kl 20,

Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍDJÁ HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Þri 14/6 kl 20 - **Styrktarsýning**,

Fi 16/6 kl 20,

Lau 18/6 kl 20,

Su 19/6 kl 20

Síðustu sýningar

FRÁ DEGI TIL DAGS

Mistök að reka hann?

Þeir sem fylgjast með fótbolta, og þá sérstaklega áhugamenn KR og Vals spyrja sig nú hversu gáfulegt það var af KR að reka fyrrum þjálfara liðsins, Willum Þór Þórssón. Valur, nýliðinn í deildinni, réð hann strax til sín og áhrifin voru ekki lengi að láta bera á sér. Nú eru nýliðarnir frá Hlíðarenda efstír í deildinni ásamt FH, en KR-ingar, gamla stórveldið, skrapa botnin. Ætli þeir séu strax farnir að sakna Willums?



Úr forstjórstól í sendifrúarherra?

Eins undarlegt og það má vera hefur ekki mikið verið rætt um hver taki við af mannfraeðiprófessornum Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur þegar hún fer utan sem sendiherra. Mögulega gæti það þó skýrst af því að hennar staða er slík að það þarf að auglýsa hana með góðum fyrirvara og nefnd þarf að meta hæfi umsækjenda. Það er því ekki hægt að ráða hvern sem er sem prófessor í mannfraeðum. Minni skilyrði eru fyrir því að verða forstjóri Landsvirkjunnar og því er meira spáð og spekulerað um hver muni taka við af eiginmanni hennar, Friðriki Sophussyni, ákveði hann að fylgja konu sinni. Eins og Sigríður Snævarr og eiginmaður

hennar, Kjartan Gunnarsson, hafa reyndar sýnt er það ekki nauðsynlegt fyrir eiginmann að fylgja konu sinni í utanríkisembættinu. Kannski er það þess vegna sem orðið sendifrúarherra er ekki komið í íslenska orðabók.

Mogginn – pólitík – RÚV?

Þá er farið að velta því fyrir sér hver muni taka við af Markúsi Erni Antonsyni sem útlagsstjóri. Hann þykir ekki allveg hafa jafnað sig eftir Auðunsmálið og ef það er rétt mun hann varla syrgja það að fara utan. Heyrst hefur að Þorsteinn Pálsson muni skella sér upp á Efstaleiti þegar Markús hættir. Þannig verður útlagsstjórinn sendiherra og sendiherrann útlagsstjóri.

svanborg@frettabladid.is

Fugl sem ekki var hæna

Hannes H. Gissurarson fékk á dögunum máli Auðar Laxness á hendur sér vísad frá Héraðsdómi vegna formgalla. Hann var ekki sýknaður af ákærinni um ritstuld heldur neitaði dómari að taka málið fyrir vegna frágangs kærunnar, málið er vanreifað eins og kallað er. Enn hefur íslenskt réttarkerfi ekki komist að niðurstöðu um það hvort umgengni Hannesar við texta Halldórs sé í lagi.

Þess misskilnings hefur gætt í umræðu að málið snúist um gæsalappir sem hafi gleymst. Það er því ómaksins vert fyrir lesendur að skoða þá aðferð Hannesar sem kvartað hefur verið undan – eitt dæmi af hundrað og eitthvað.

Svona skrifar Halldór í einni af minningabókunum sínum:

En þennan vormorgun eftir að við komum að Laxnesi, og ég var búinn að sofa fyrstu nóttina mína í sveit, tók faðir minn mig við hönd sér, og við geingum austur fyrir tún ... Við sáum lítinn læk með rauðum steinum og kemur ofanúr mýrinni fyrir ofan Hólshús, ærhúsin okkar. Héðan stefndum við á silfurgrá língholt með grænum lautum. Sólskinsdagur. Af hverju man ég eftir þessum degi, hvað gerðist? Ég sá lóna í fyrsta sinn. Hún fylgdi okkur á hlaupum nokkra faðma í burtu og horfði á okkur með því auganu sem að okkur vissi. Ég var svo hugfánginn af fugli með svart silkibrjósti, og ekki einsof þútur, að mig lángaði að grípa hann og fara með hann heim og eiga hann. Reyndu, sagði faðir minn og settist niður í mótum og slepti af mér hendinni svo ég gæti náð í fuglinn. En lóan hljóp undan og þegar ég nálgadist hana flaug hún upp. Af hverju vill hún ekki lofa mér að ná sér? Af hverju flýgur hún upp? Ég ætlaði ekki að gera henni illt. Nýtt líf var byrjað ... (Í túninu heima, bls. 38)

Hjá Hannesi er lýsingin svona: Fyrsta morguninn í Laxnesi tók Guðjón bóndi Dóra litla við hönd sér, og þeir gengu austur fyrir tún. Þar sáu þeir lítinn læk með rauðum steinum

Í DAG

HANNES OG LAXNESS



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

...Hannes gerist „höfundurinn“ í texta eftir Halldór Laxness, ýtir hinum fullorðna Halldóri út úr eigin texta...

renna.úr. mýrinni ofan við Hólshús, sem voru ærhúsin þeirra. Þaðan fóru þeir út í silfurgrátt língholt með grænum lautum. Þetta var sólskinsdagur. Dóri litli sá lóu í fyrsta skipti. Hún fylgdi þeim feðgum nokkra faðma og horfði á þá. Drengurinn var hugfánginn af fugli með svart silkibrjósti, sem ekki var hæna. Hann langaði til að grípa hana. „Reyndu,“ sagði faðir hans, settist niður í mótum og slepti af honum hendi. En lóan hljóp undan, og þegar snóðinn nálgadist hana, flaug hún upp. Hann furðaði sig á því, að hún vildi ekki lofa honum að ná sér. Hann ætlaði sér ekki að gera henni neitt illt. Nýtt líf var hafði ... (Halldór, bls. 19)

Hvers vegna fer maður að reyta hár sitt andspænis þessu? Kannski út af oflætunum sem felst í því að vaða svona inn í þaulunninn texta rithöfundar og fara að editera hann og gera að sínum. Sjálf fjandsamleg yfirtakan á textanum; hvernig Hannes gerist „höfundurinn“ í texta eftir Halldór Laxness, ýtir hinum fullorðna Halldóri út úr eigin texta og tekur sér þar sjálfur stöðu sem sögu- maður – gerist fullorðni maðurinn í texta eftir Halldór Laxness en gerir Halldór að barninu, að viðfangi textans... Fræðimennska Hannesar er oft valdabarátta

fremur en sannleiksleit: hér hefur hann náð völdum í texta Halldórs Laxness, svona eins og Björgólfsfeogar eru að reyna að gera í Íslandsbanka, og byrjar náttúrlega á því að reka stjórnandann...

Við vélræna færsluna úr 1. persónu í 3. persónu fer forgörðum angurvær og innilegur tóninn en orðalag og lýsingar standa samt eftir svo að áhrifin verða ankannaleg. Textinn verður flatari. Setningar eru styttrar, aukasetningar víkja fyrir eintómum aðalsetningum sem eru allar eins byggðar, fjölbreytni vikur fyrir einhæfni og setningagerð minnir einna helst á stafsetningarpróf. Stíllinn er stíflaður. Flæðið í honum er rofið, tónlistin einfölduð, tilfinningarnar hverfa. Þetta er eins og að hlusta á Chopin-eyðu í meðförum James Last.

Texti Halldórs er persónuleg og viðkvæm minning manns um föður sinn sem hann missti ungur; því er blíðlega lýst hvernig faðirinn sest niður og leyfir drengnum að eltast við feðurina – líki lóu – „slepti af mér hendinni“ eru lykilorðin, leyfir honum sjálfum að uppgötva að feðurin er hverful. Áhrifamáttur textans vaknar af mýktinni í samspili hins barnslega og þroskaða, sorginni yfir því sem glatað er, þakklætinu fyrir það sem manni gafst...

Þessi margslunni texti verður bragðdaufur og mágúsipulegur í meðförum Hannesar. Dæmi: „Ég var svo hugfánginn af fugli með svart silkibrjósti, og ekki einsof þútur, að mig lángaði að grípa hann og fara með hann heim og eiga hann“, skrifar Halldór en hjá Hannesi lítur textinn svona út: „Drengurinn var hugfánginn af fugli með svart silkibrjósti, sem ekki var hæna. Hann langaði til að grípa hana.“

Hjá Hannesi verður það að lóan sé ekki hæna að þungamiðju frásagnarinnar. Gæsalappir? Ó nei ...

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórður Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



HRAFNAÞING
Alla virka daga kl. 13.

Talstöðin
FM 90,9



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	2.59	13.28
AKUREYRI	1.48	13.12
		00.41

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 13. júní,
164. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	32-33
Akkurat	37
Árborgir	42
Ás	28-29
Bífröst	14
P fasteignir	9
Draumahús	23-26
Eignakaup	36
Eignastýring	31
Fasteignamarkaðurinn	11
Fasteignamiðlun	10
Fasteignam. Grafarvogs	12
Fasteignam. Hfj. 12 og 17	
Fasteignastofa Suðurn.	27
Fold	41
Hof	27
Hóll	16
Hraunhamar	18-20
Húseign	22
Húsaland	30
Höfði	8 og 36
ÍAC	6-7
Lundur	14-15
Lyngvík	21
Neteign	10
Nethús	9
Nýtt heimili	38
Remax	39-42
Víðskiptahúsið 27, 34 og 36	

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 44

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is**



allt - fasteignir

hús .is

Rólegur heimilisdraugur BLS. 2
Kartöflugeymsla öðlast nýtt líf BLS. 4

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er afskaplega reisulegt.

Glæsilegt einbýli með meiriháttar útsýni

Fasteignasalan Draumahús er með til sölu reisulegt og mikið einbýlishús á þremur hæðum í Háahvammi 13 í Hafnarfirði. Húsið er alls 366,4 fermetrar, þar af 23,1 fermetra bílskúr þar sem búið er að gera litla stúdíóbúð.

Rými í kjallara er 103,1 fermetrar og er búið að innrétta þar tvær íbúðir. Aðalhæðin er 137,7 fermetrar og risloftið er 102,5 fermetrar. Mjög hefur verið vandað til hússins í upphafi, þar á meðal er „organ pine“ í öllum gluggum, húsið einangrað að utan og klætt.

Á aðalhæð er forstofa með flisum á gólfi og fataskápum. Gestasalerni er inni af forstofu. Hol með flisum og útgengt út í garðinn. Til hliðar við holið er gott herbergi.

Stofa, eldhús og borðstofa eru einnig á aðalhæðinni. Stofa og borðstofa eru með teppi á gólfi, eldhúsið er með parketti og dökkri viðarinnréttingu. Eitt herbergi er inni af stofu og er auðvelt að fjarlægja vegg og stækka stofu. Úr holi er vandaður stigi bæði upp á risloftið og eins niður í kjallarann.

Fimm góð svefnherbergi eru á risloftinu og er úr tveimur þeirra gengið út á sitt hvorar svalirnar og er meiriháttar útsýni af þeim, sérlega þeim er snúa í vestur. Gott parkett er á hluta efri hæðar. Stórt baðherbergi með baðkeri, sturtu, innréttingu og þakglugga.

Eins og áður sagði er búið að gera þrjár litlar íbúðir í kjallaranum og eru þær leigðar út. Þessar leiguíbúðir standa undir afborgun af um það bil 25 milljónum.

Ásett verð er 57 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,5% á milli mánaðanna apríl og maí í ár. Mest var hækkinin í Reykjavík, 3,6% samkvæmt Morgunkorni Íslandsbanka. Flest bendir til þess að verðið hafi hækkað um 20% á fyrstu fimm mánuðum ársins.

Vel á annað þúsund tilboð bárust í 50 einbýlishúsaloðir í Akralandi í Garðabæ, sem liggur sunnan við Arnarnesveg og markast af Hafnarfjarðarvegi að vestan. Akralandið, sem líka er kallað Arnarnesland, er í eigu Akralands ehf. sem aftur er í eigu Þyrpingar og Keflavíkverktaka. Það er fyrsti áfangi hverfisins af þremur sem um ræðir og áformað er að hefja gatnagerð fljótlega.

Mjólkurstöðin á Hvammtanga gengur í endurnýjun lífdaga. Þar mun verða pakkað vatni í stað mjólkur því Hreinn Hreinsson hefur keypt húsnæði og tæki stöðvarinnar af Mjólkursamsöslunni og hyggur á vatnsútflutning.

Skipulagssjá borgarinnar hefur nú verið endurhönnuð frá grunni í samvinnu við verkfræðistofuna Hnit. Á vefnum www.skipbygg.is er hægt að komast inn á hana og skoða aðalskipulag borgarinnar á stafrænu formi með ýmsum upplýsingum, auk deiliskipulags og nýjustu loftmynda af borginni sem teknar voru á síðasta ári.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna



Garðplöntustöðin
NÁTTHAGI
 Beygt 3 km austan við Hveragerði

Fallegar og harðgerðar plöntur í úrvali
 Tré og runnar í garða, skógrækt og skjólbelti.
 Einnig alparósir, klifurplöntur, berjarunnar, sígrænar dvergrunnar, fjölar blóm og sumarblóm.

Opið alla daga frá kl. 10 til 19
 Sími: 483 4840
 Fax: 483 4802
 Vefvang: <http://www.natthagi.is> Netfang: natthagi@centrum.is

S.Ó. Garðverk ehf.

Garðyrkjufraeðingur, trjáplöntusala og vélavinna

Sigurður Ólafsson
 Sími: 822 3650

GLÓFAXI HF.
 ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf
 Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
 Hús okkar eru byggð til að endast.
 Á fjórðahundaró hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimili.is
 Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
 HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Garðeigendur athugið!

Látið ekki aðra úða garðinn gegn skordýrum en þá sem hafa réttindi og geta framvísað leyfisskírteini frá Umhverfisstofnun.

UST
 Umhverfisstofnun

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.

Heimilisdraugurinn hefur oftast nær hægt um sig

Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur býr í fallegu húsi við Tjarnargötuna sem fagnar brátt 100 ára afmæli.

„Það eru svo mörg falleg hús í Reykjavík en ætli uppáhaldshúsið mitt sé ekki húsið sem ég bý í sjálf. Það var byggt árið 1907 af Jóni biskupi Helgasyni og er því komið til ára sinna,“ segir Þóra.

Þóra er hrifin af húsunum við Tjarnargötuna og henni þykir saga þeirra skemmtileg. „Þessi hús eru flest byggð á heimastjórntímanum og eru minnisvarðar um þá borgarastétt sem varð til á þeim tíma. Páll Briem átti alla tjarnarbrekkuna en hann seldi lóðir til ýmissa embættismanna sem byggðu þessi fallegu hús sem standa hér enn. Húsin eru því áþreifanlegar minjar um þetta tímabil í sögu þjóðarinnar og sýna hvernig borgarlífið blómstraði á þessum tíma. Með heimastjórni komu embættismennirnir heim, fóru að vinna í Reykjavík og urðu vísir að einhvers konar borgarastétt. Mér þykir gaman að skoða allt þetta, sjá söguna svona í samhengi og skynja hvað það er í raun stutt síðan þetta var.“

Þóra keypti húsið árið 1972 og segir að með því hafi hún lagt sitt af mörkum til þess að styðja miðbæinn. „Á þessum tíma var lítill áhugi fyrir þessum gömlu húsum og fáir höfðu áhuga á að halda þeim við. Mér þykir hins vegar vænt um alla þessa húsaröð og finnst það vera skylda okkar að halda henni við þótt það kosti vissulega peninga. Ég er ekki nógu ánægð með hvernig staðið er að vexti og þróun miðbæjarinnar og þykir til dæmis leiðinlegt að sjá hvað verið er að gera í Vatnsmýrinni.“

Þegar Þóra flutti inn í húsið var henni sagt að það fylgdi draugur húsinu. „Við fluttum í fyrstu bara inn á efri hæðina og vorum enn að vinna á þeirri neðri. Eina nóttina vöknudum við hjónin við umgang niðri og vorum viss um að draugurinn væri kominn á kreik. Þegar betur var að gáð kom í ljós að þetta var veggfóðrarinn okkar sem hafði gleymt stiga í húsinu sem hann þurfti að sækja fyrir næsta verkefni,“ segir Þóra og hlær.

Þóra segir að sér þyki vænt um alla húsaröðina við Tjörnina og vill leggja sitt af mörkum til að halda henni við.



FRETTAÐIÐ/HEIÐA

Keramik fyrir alla

Sumarnámskeið

Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.
 Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
 Bókið núna.

Keramik fyrir alla
 sími 552 2882, Laugavegi 48b.
 Sjá lýsingu: www.keramik.is

GÍTARINN ehf.

MAPEX Trommusett
 14-töl 5 crash-diskar, stóll, trommukjuðar

Rétt verð: ~~kr. 79.900~~
 Tilboðsverð: ~~kr. 59.900~~

Ofurtilboð: kr. 49.900
 Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gítar
 Poki, 5/8-töl, Stærðgjafi
 kr. 10.900

Opptí: Mán.-Fös. 11.00-18. / Lau. kl. 11-16.

Ilmandi garður auðgar andann

Garðurinn þarf ekki bara að líta vel út heldur getur hann einnig ilmað vel. Plöntur á borð við blóðberg og myntu eru hentugar í íslenska húsgarða.

Fallegur og vel skipulagður garður gleður augað og auðgar andann. Útlitið eitt þarf þó ekki að vera ráðandi við skipulag á garðinum heldur er einnig hægt að höfða til lyktarskyns og fylla hann af ilmandi jurtum. Plöntur eins og rósir gefa góðan ilm, einnig blóðberg og mynta. Þær plöntur sem gefa frá sér mildan ilm ætti að planta við hlið þeirra sem gefa frá sér sterkari ilm. Ekki þarf að fylla garðinn af ilmjurtum því vel er hægt að útbúa sér eitt horn í garðinum eða jafnvel á svölunum sem ilmar sérstaklega. Til þess þarf að planta plöntunum á þremur hæðum, í hæð við fætur, hendur, nef og ofan við höfuð.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að

gróðursetja plöntunum í skjóli fyrir vindinum svo lyktin haldist á tilteknum stað.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að koma fyrir sæti eða stól svo hægt sé að sitja í rólegheitinum og anda að sér allri þessari dásamlegu lykt sem plöntunum fylgir, ásamt því að fylgjast með fuglum, fiðrildum og suðandi býflugum.

Áður en hafist er handa er best að kynna sér hvað plöntur ilma, og teikna svo upp og skipuleggja ilmsvæði garðsins út frá því.

Basilíka er jurt sem gefur frá sér sterkan og seiðandi ilm. Gott er að skipuleggja vel hvernig plöntunum er komið fyrir í garðinum áður en hafist er handa.



Töff stólar úr plasti í garðinn

STAFANLEGI POPPY-STÓLINN Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM.

Poppy star-úttistóllinn er frá hinu virta ítalska fyrirtæki Segis og fæst hjá Exó í Fákafeni. Þetta er einfaldur plaststóll sem er stafanlegur og fæst í öllum regnboganslitum. Gaman að breyta til í garðinum og í stað hvítu plaststólanna eða timburstólanna fá sér gula úttistóla, rauða, bleika, svarta eða bláa og setja smá lit í garðinn. Mjög þægilegt er að sitja í honum og stóllinn er mjög þægilegur í þrifum bara strjúka af honum. Auk þess er hann svo smart að hann er fluttur í veislurnar heima fyrir þegar þörf er á fleiri stólum.



Áður en nýrri plöntu er komið fyrir í leirpotti er best að þrifa hann vel.

Komið í veg fyrir sýkingu í plöntum

NÝJAR PLÖNTUR GETA SÝKST Í GÖMLUM LEIRPOTTUM.

Þrifa þarf blómapotta úr leir áður en nýjum plöntum er komið fyrir í þá, sérstaklega ef þeir hafa staðið úti. Best er þó að þrifa þá á haustin áður en þeir eru settir í geymslu og sóttreinsa þá. Losa þarf af þeim allan mosa og leifar af mold sem getur borið með sér sýkingar sem nýjar og litlar plöntur eru viðkvæmar fyrir. Byrjað er á því að skola pottana í vaskinum, í fötu eða skál í klórblönduðu vatni með hlutföllunum einum á móti tíu.

Pottarnir eru því næst skrúbbaðir vel að innan sem utan með grófum uppþvottabursta eða flöskubursta.

Til að koma í veg fyrir sveppamyndum, þurfa pottarnir að þorna vel áður en þeim er stallað upp og þeir settir í geymslu.

Okkar bestu boð!

Victory sturtuklefar



Sturtuhausar



* Parketúrvalið er í Harðviðarvali


<p>HLYNUR 60cm 1.990</p>	<p>BEYKI NATUR 60cm 1.990</p>	<p>EIK 55cm 1.790</p>
<p>EIK TUNDRÁ 3.390</p>	<p>EIK TERRA 3.390</p>	<p>EIK RUSTICAL 2.690</p>

Með hljóðeinangrandi undirlagi og gólflistum

Gólfplísar Frábært úrval



Veggplísar á baðherbergi og eldhús



Salerni



Viðarþiljur 13 x 260 sm



Blöndunartæki



Vaskar og handlaugar



Handklæðaofnar



Hurðir Mjög gott úrval af innihurðum

Eik, Hlynur, Mahony, Hnota. 70, 80 og 90 sm. Spónlagt Mahony: verð 25.900 ***19.900**



HARÐVIÐARVAL
-þegar þú kaupir gólfefni
Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík
Sími 567 1010
www.parket.is

GEGNHEILT PARKET

– BREIÐ OG LÖNG BORD

Gegnheilt gæða parket í flestum viðartegundum.
Framleitt á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Gott verð.

GeoPlank

Seljabót 7 Grindavík • sími 426 7800 • www.geoplank.is

HÖFUM NÁNAST ALLT SEM ÞARF TIL DÝRAHALDS!
ÞÓR, FÓÐUR, BÓNAÐ OG FYLGILÖT.

LEGGJUMA GÆSTNAÐ ÁHERSLU Á AÐ BÚGA HANDÞÓTTA
TUGLA, SMARTRERKA OG SJÁVALLIÞEYÐUR.

Frábærar fuglar og fylgipfískur

GÆLUÐYRUPPLÝSINGAR VEFVERSLUN
RISASTÓRT SPJALLSVÆÐI GALLERÍ FYRIR
ÞÍNAR DÝRAMYNDIR

WWW.TJORVAR.IS

REKJANDRÖP IS & HANNASTRÆTI 17, REYKJAVÍK
MÖRNINGI 9, MÓSDÓ - ÞORCARTRAU 53-01, ÞORCARTRAU
KAPPAKÓÐUR VANDARVÍKA, AKUREYRI - EYRABEIGI 55, SELFÓSS



Húsið eins og það er í dag. Grafið var frá framhljóðni og reistur glerveggur sem myndar ramma utan um gamla útvegginn.

Kartöflugeymsla fær nýtt líf

Í Gilinu á Akureyri hefur árum saman staðið ónotuð kartöflugeymsla. Geymslan hefur undanfarið fengið mikla andlitslyftingu og hýsir nú arkitektastofuna Kollgátu.

„Þetta hús var byggt árið 1937 og var kartöflugeymsla fyrir Akureyringa árum saman. Hér gat fólk í bænum leigt hólf fyrir kartöflurnar sínar en geymslan var lögð af í kringum 1990 og hefur staðið auð síðan þá,“ segir Logi Einarsson, annar eigenda Kollgátu. Til stóð að rífa geymsluna og hafði byggingarfyrtækið SS Byggir tekið verkið að sér. „Sigurður hjá SS Byggi vissi að ég var að leita að húsnæði og hafði samband við mig vegna kartöflugeymslunnar. Ég fékk stuttan umhugsunarfrest og þetta gerðist allt ákaflega hratt,“ segir Logi.

Kartöflugeymslan hafði látið lítið fyrir sér fara og það eina sem vegfarendur sáu af henni voru litlar dyr sem lágu inn í brekkuna. Bak við þessar dyr var hins vegar 100 fermetra geymsla sem passaði ágætlega undir arkitektastofu. Starfsmenn Kollgátu teiknuðu húsið sjálfir og segir Logi að mikið hafi þurft að gera til að breyta geymslunni í arkitektastofu. „Þetta er náttúrulega byggt sem kartöflugeymsla og hér var því mikill raki og hvorki hiti né rafmagn. Geymslan var hólfuð niður í sex geymsluhólf og við reyndum að opna vel á milli þeirra til að plássíð nýttist betur. Við ákváðum samt að leyfa gamla húsinu að njóta sín sem best og byggðum þess vegna eins konar glerramma utan um útvegginn að framan. Þannig fær gamli veggurinn, sem áður var hullinn mold og grasi, að njóta sín betur. Hér var líka gluggalaust, sem gengur ekki alveg. Við bættum því gluggum við framhljóðina og nú kemur hámarksbirta hingað inn,“ segir Logi.

Þótt kartöflurnar séu á bak og burt er ýmislegt sem minnir á fyrra hlutverk hússins. Þar er fremur lágt til loftis, gólfíð hallar örlítið og veggirnir eru hráir. Logi er ánægður með útkomuna og segist hafa fengið góð viðbrögð frá vegfarendum, sem eru ánægðir með að kartöflugeymslan hafi fengið nýtt hlutverk. ■



Svona leit kartöflugeymslan út þegar til stóð að rífa hana síðastlíðð haust.



Logi Einarsson og Ingólfur Guðmundsson eiga Kollgátuna og eru himinánægðir með húsið.

1.490
~~2.190~~

Jotun Pallaolía
Pallaolía
7049123/33/37

Jotun Pallaolía
...frábært verð



HÚSAMÍÐJAN
...ekkert mál

Alt sem þú þarft og meira til

Allt um heilsu
á þriðjudögum í Fréttablaðinu.

allt



Viðargólfíð tekið í gegn

REGLULEGT VIÐHALD ER NAUÐSYNLEGT ÞEGAR OLÍUBORÍÐ PARKETT ER ANNARS VEGAR. GÓLFÍÐ ÞARF AÐ PÚSSA Á EINS TIL TVEGGJA ÁRA FRESTI.

Í eldri húsum eru gólfín gjarnan lögð gegnheilum við sem er oliuborin, auk þess sem það hefur verið í tisku upp á síðkastið að pússa upp viðargólf og oliubera þau. Reglulegt viðhald er nauðsynlegt til að halda gólfnum fallegum og í upprunalegu formi sem lengst. Olíu þarf að bera á gólfíð á eins til tveggja ára fresti, eftir því hvað álagið er mikið og reglulega þarf að pússa gólfíð sem er ekki ósvipað því að maður gerir með stórt viðarborð.


1. Sópaðu eða notaðu góða ryksugu til að fjarlægja allt ryk og kusk af gólfínu.
2. Notaðu hreinar tuskur til að hella olíunni á. Ekki hella henni beint á gólfíð.

Berðu olíuna á gólfíð með tuskunni með ákveðnum hreyfingum og fylgdu legu viðarins.

3. Dreifðu olíunni eins jafnt og hægt er til að tryggja að liturinn verði jafn. Skiptu út tsku eins og oft og þörf þykir. En líklegt er að þú þurfir að nota nokkrar tuskur.
4. Leyfðu viðnum að draga í sig olíuna í einn til tvo klukkutíma.
5. Farðu létt yfir með oliuborinni tsku á alla bletti sem hafa myndast. Því oftar sem gólfíð er pússað með þurri tsku mun glansinn á gólfínu aukast.



húsráð }



Valhnetur góðar fyrir viðinn

HNETUOLÍAN Fyllir upp í RISPURNAR.

Rispur í viðargólfum og viðarhúsgögnum eru hvítleiðar, en einföld og ódýr leið til að losna við rispurnar er að nota valhnetur. Valhnetur er þá nuddað á rispurnar og náttúrulegar olíur í hnetunum fylla upp í allar rispur og misfellur. Þetta er ekki bara góð leið heldur líka umhverfisvæn. Þetta er hægt að gera við garðhúsgögn og allt úr gegnheilum víði sem hefur rispast illa.

Eykur á öryggi fólks í bruna

Viðarklæðning sem brennur hægt er tækninýjung sem kemur frá Danmörku og hefur hlotið lof víða um heim.

„Að mínu mati er þetta algert tækniundur“, segir Steingrímur Sigurjónsson byggingafræðingur og húsasmíðameistari um nýja tegund af klæðningu sem er seig-brennandi, en þetta er fura sem hefur verið meðhöndluð á sérstakan máta. „Ef eldur kemur upp í húsi með þessari klæðningu getur logað í klukkustund þegar við venjulegar kringumstæður eru tréhús að brenna á einu augnabliki“, segir Steingrímur og leggur áherslu á að ef húsið er lengi að brenna er mun rýmri tími fyrir fólk að komast öruggt út úr húsinu.

Hann segir þessa klæðningu henta sérstaklega vel á sumar-bústaði og auðvelt sé að setja þessa klæðningu utan á eldri bústaði. „Fólk er farið að vera í bústað allan ársins hring og finnur því meira fyrri veðri og vindum, en þessi klæðning styrkir bústaðinn þannig að hann nötrar mun minna í roki og ætti að þola allar náttúruhamfarir mun betur“, segir Steingrímur.

Klæðningin sem kemur frá Danmörku hefur fengið gæðavottun víða um Evrópu, auk Ástralíu og Kanada og er Gardermoen



Steingrímur heldur á nýrri klæðningu sem er gædd þeim eiginleikum að brenna mjög hægt.

flugstöðin í Osló klædd með þessari klæðningu bæði að innan og utan. Smíðir sem ætla sér að setja upp þessa klæðningu þurfa að sækja námskeið áður til að kynna sér aðferðirnar við uppsetningu. „Ég sé um að kenna þessi námskeið, en ég ætla mér að vera með frekari kynningar á þessu efni á næstunni“, segir Steingrímur.

kristineva@frettabladid.is

Útiofnar verða æ vinsælli

OFNA Í GARDINUM ÞARF AÐ MEÐHÖNDLA MEÐ GÆTNI.

Mexíkóskir útiarnar úr brenndum leir eru vinsælar í garðinn. Það er þó ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar ofninn er notaður eins og að á botn ofnsins á fyrst að leggja átta sentimetra lag af mól eða litlum steinum. Þegar búið er að nota ofninn er best að láta eldinn kulna rólega út. Aldrei á að nota kol, pressaðan víð eða fljótandi eldsneyti í ofninn. Ofninn má heldur ekki hreyfa þegar hann er blautur eða rakur, þar sem hann gæti brotnað.



Lengi lifir í gömlum græjum

GÖMLU RAFMAGNSTÆKIN GETA KOMIÐ AÐ ÝMSU GAGNI OG GETA AUK ÞESS VERIÐ HIN MESTA PRÝÐI.

Gömul rafmagnstæki ganga úr sér eins og annað en eru oft falleg og til prýði á heimili. Það er því ástæðulaust að farga þeim þó þau séu hætt að virka. Sumar



Að horfa á fiska er góð afslöppun.

græjur eru svo fallegir hönnunargripir að þau eru til prýði í sjálfum sér og eru oft á tíðum líka fyrirtakshislar. Ýmislegt er hægt að gera við gamalt sjónvarp, útvarp eða stereógræjur. Það má til dæmis rífa ónýtt innvolsið út úr þeim og planta fallegum blómum inn í tækin, nota þau sem myndaramma utan um myndir af fjölskyldunni eða búa til listaverk inn í þau. Gamla plötuspilarann má sem best nota sem hitaplötu á borð í matarboði og þá er auðvitað gráupplagt að setja fiskabúr inn í gamla sjónvarpið og fylgjast svo með fiskunum synda fram og aftur. Alveg kjörið að slaka á fyrir framan lífræna sjónvarpið sitt og fá fréttir úr fiskheimum um leið og þær gerast.

Filmur vernda innbúið

SÓLARFILMUR DRAGA ÚR HITA OG BIRTU, AUK ÚTFJÓLUBLÁRRA GEISLA.

Stórir gluggar, sérstaklega suðurgluggar greiða leið sólargeislanna inn í hibi lí fólks þar sem þeir geta orðið til ama og óþæginda. Gólf, gardínur húsgögn og aðrir innanstokksmunir upplitast með tímanum ef ekkert er að gert. Til að stemma stígu við hita og birtu sólar-geislanna hafa margir kosið að setja sólarfilmur á glerið. Meðal þeirra fyrirtækja sem flytja inn slíkar filmur eru AMG Aukaraf á Dalvegi í Kópavogi. Filmurnar sem þar fást draga úr hitainnstreymi um 30-60% og birtu um 30-40% að sögn Ásgeirs Víðars Ásgeirsonar framkvæmdastjóra. „Svo lokar þetta fyrir alla útfjólubláa geisla sem valda upplitun á húsgögnum, listaverkum og öðrum innanstokksmunum. Hann segir filmurnar vinsælar bæði í



fyrirtæki og heimahús og þær séu til í mismunandi litum. „Algengast er að notuð sé brún filma í íbúðarhúsi og líta þá rúðurnar út fyrir að vera reyklitlar. Hún skerðir ekki útsýni á nokkurn hátt en setur auðvitað annan litablæ á umhverfið“, segir Ásgeir.

Hægt að sitja úti árið um kring

Viðhaldsfri húsgögn úr áli og stáli henta vel íslensku veðurlagi. Nýstárleg hönnun sem vakið hefur mikla athygli.

Í Exó fást nú flott garðhúsgögn sem eru úr nýrri línu frá spænska framleiðandanum Gandia Blasco. Þetta er skemmtileg nýjung með einstökum léttleika en húsgögnin eru úr áli og stáli þannig eru þau viðhaldsfri og geta staðið úti allt árið um kring. Þau eru mátulega þung þannig að þau fjúka ekki svo auðveldlega burt. Hægt er að fá lausar sessur á stólana svo hægt er að taka þær inn ef rignir, eða þegar veturinn ber að garði. Borðplötur er hægt að fá bæði úr hertu plast í mörgum litum og timbri, en timburplöturarnar er hægt að skrúfa af og geyma inni yfir veturinn eða taka inn í skúr þegar bera þarf á fúavörn.

Auk þessa er í línunni heilu útisófasettin með hvítum dýnum og ljósker í öllum stærðum. Í línunni eru leikstjórstólar, strandstólar, borðstofu-útsitt, legubekkir, útisófasett, stakir útisófar, stök útiborð og heilu útihúsin. Þessi útihúsgögn hafa verið kynnt í öllum helstu og virtustu húsgagnatímaritum um allan heim.



Hvít og stílhreint útisófasett með lausum sessum.



Smart leikstjórstólar sem henta í garðinn eða á svalirnar.

Glæsilegt útiborðstofuset sem sómir sér vel í garðinum.



Hvít og frísklegt borð með sex stólum.



Litlegir sólstólar sem kalla á mann.

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

CASIO MYNDAVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI



Casio QVR51
5 MEGAPIXEL UPPLAUSN
2" LCD SKJÁR
3x OPTICAL ADDRÁTTARLINSKA
NOTAR AA RAFHLÖÐUR

TILBOÐ 24.995

Fullt verð kr. 39.995



Casio EXZ50
5 MEGAPIXEL UPPLAUSN
2" LCD SKJÁR
3x OPTICAL ADDRÁTTARLINSKA
HREYFIMYNDATAKA MEÐ HLIÓÐI
LITHIUM RAFHLADA SEM ENDIST Í 390 MYNDIR

TILBOÐ 31.995

Fullt verð kr. 49.995



Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opíð mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Íslendinga afsláttur!
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótélherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Fyrir veiðimenn

STANGAHALDARAR



SPORTVÖRUGERDIN
SKIPHOLT 5 562 8383

www.sportvorugerdin.is



Laxá í Refasveit. Eignum til lausar stang- ir. Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.



Lax og Silungsveiði!

Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðibjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is. S. 567 5204 og 660 6890.



Peacock Keila

Pikokk keila veiðir vel á Þingvöllum. Fæst á www.frances.is



Abu matic 276.

Sérlega vandað hjól með 3 kálulögum og 60grni brenna. Við bjóðum 20% afslátt! Almenn verð 5.900 kr. Okkar verð 4.720 kr!
Veidiportíð lækkar verð á veiðivörum!
Veidiportíð Grandagarði 3. Sími: 552-9940



Beitan í veiðiferðina maður, makrill og sandsill.

VESTURRÖST
Laugavegi 178 - S. 551 6770



Daiwa

Daiwa Einvanda 9,6 fet 3 pice fyrir línu 8-7 stangarhókur fylgir Verð áður kr. 13.996

TILBOÐ
1995

EVEREST
FERÐA- OG ÚTVESTARVERSLUN
SÍÐUMÚLA 5 588 5588

Veiðileyfi Stóru-ármót

Vítu komast í Laxveiði fyrir 5900 kr, með húsi. Klukkutíma frá Reykjavík. Upplýsingar í síma 868 4043 og hjá Stangveiðifélag Reykjavíkur í s. 568 6050.

SJÓVEIÐI. Allar vörur til sjóstangaveiða. Einnig flotgallar og sjófatnaður. Handfæravörur á góðu verði. Rafbjörg, Vatna- gördum 14, sími 581 4470.

Hestamennska



Pökk frá Sörlatungu Stóð- hestar til notkunar Sörla- tungu í Holtum Rangárb

Faðir Páfnir frá Fagrnesi og móðir Blökk frá Tungu. Tölt. 8,5 Brokk. 8,5 Stökk. 8,5 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 9,0 Kostir 8,03 Sköpul. 7,91. Verð á folatölli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253



Segull frá Sörlatungu Stóð- hestar til notkunar Sörla- tungu í Holtum Rangárb

Faðir Stormur frá Stór-Hól og móðir Orka frá Tungu. Tölt. 9,0 Brokk 8,5 Stökk 9,0 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 8,5 kostir 8,06 sköpul. 7,93. Verð á folatölli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253



Úrtaka fyrir heimsmeistaramótið í Sví- þjóð verður haldin hjá Sleipni á Selfossi dagana 15. /16. júní og 18. /19. júní. Skráning er hafin á skrifstofu LH og stendur fram til kl. 16:00 á mánudag 13. júní. Hægt er að skrá í gegnum síma 514 4030 gegn kortagreiðslu eða mæta á staðinn. Skráningargjald er kr. 6.000. Landsliðsnefnd LH

Eldhestar óska eftir þægum tölturum til leigu eða kaups, æskilegur aldur 11 vetra og eldra. Hafð samband í síma 896 4841.

Ýmislegt



Verð frá kr. 29.900,-
vdb.is
Borgartún 36 - s: 588-974

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Torrevieja-Spánn.

Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góð- um stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torrevieja.com

Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó eða lítilli íbúð á 101, 105 eða 107 frá 1. júlí. Skilvisum greiðslum heitið. S. 862 3837.

Par með 2 hunda bráðvantar íbúð á höfuðborgarsv. 2ja til 3ja herb. Greiðslugeta allt að 70 þús. Uppl. í s. 866 2689.

Óska eftir stúdíóíbúð á höfuðborgar- svæðinu. Uppl. í s. 849 0372.

Húsnæði til sölu



Viðskiptavinir fá þriggja daga dvöl með hóteli Uppl. 820-1958 & 561-2634

Sumarbústaðir



Hlið og hliðstaurar

á göngustiga, heimreiðar, vegi, girðing- ar, beitarhöf o.fl. Mikíð úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniser- uðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk. 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



Rafgirðingaefni.

Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennu- gjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarraf- hliður, leiðarar, einangrar, randbeitar- girðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg Krók- hálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



Hreinsum gráma af sól- pöllum!

Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
Sólpalla og skjólgirðingasmíði
Anton í síma 866 5262.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is

Þarftu að leigja eða taka á leigu at- vinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigu- lista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Óskum eftir að taka á leigu ca 200 fm iðnaðarhúsnæði. Húðarhæð 4 metrar og góð aðkoma. Uppl. í 696-6016.

Geymsluhúsnæði



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI
Sæðisbrúnni Hafnarbóli
Sími: 545-2233 - www.hafnarbakki.is

Læstar geymslur. Miðhraun 4. 210 Garðabær. S 555-3464. Nánar á www.geymslur.is

Gisting

Menorca (eyja við Mall- orca)

Húsnæði á Menorca til leigu, einnig í Barcelona í sept. Uppl. í s. 899 5863.

ATVINNA

Atvinna í boði



Starfsfólk!

Við erum að bæta við duglegu sölufólki núna!
Góð verkefni - góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2488
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is

Vantar starfsmann sem fyrst

Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakari okkar á góðum aldri.

Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Papinos Pizza. Okkur vantar fólk til starfa, nánari uppl. í Núpaland 1 og Reykjavíkurvegi 62.

Ræstingar

Vantar fólk í 50-100% vinnu við að þrifa heimili. Sveigjanlegur vinnutími. Allar upplýsingar um störfin gefur Stefán í síma 578 1450 milli 09-17. Nostra ehf.

Aukavinna-uppgrip

Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Ertu jákvæð/ur? Geturðu unnið með skemmtilegu fólki? Hafðu samb. ShapeWorks@tpostur.is

Bifreiðastjórar ath

Við hjá Icelandexcursions Allrahanda ehf, óskum eftir að ráða bifreiðastjóra með rútuþróf vantar til aksturs strætis- vagna í framtíðarstarf, einnig vantar rútuþróf til sumarflýsinga, mikil vinna. Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303

Saumakonur óskast, reynsla nauðsyn- leg. Henson Sports Hf, Brautarholti 24 S. 562 6464.

Helgarvinna

Óskum eftir að ráða hress og áhuga- samt fólk í helgarvinnu í NK kaffi Kringl- unni, ekki yngri en 18 ára. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Nonnabiti

Starfskraft vantar í fullt starf og hluta- starf, reyklus. Uppl. í s. 551 2312 (milli 14-18, ekki svarað í háð.), 899 1670. Umsóknarblöð á staðnum.

Arnarverk e.h.f.

Óskar eftir að ráða vana vélamenn og meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 8423.

Bráðvantar þarþjóna, starfsfólk í sal, miðasölufólk og dyraverði eldri en 18 ára til að vinna á skemmtilegum skemmtistað/kaffihúsi í hlutastörf aðra hverja helgi og tilfallandi. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í síma 862 5999 mán-þri-mið

Starfsfólk óskast í kvöld, nætur og helg- aræstingar. Upplýsingar í síma. 892 8454 eða rh@rh.is

Vantar vant starfsfólk í fiskvinnslu, lyft- araréttindi æskileg. Þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í s. 893 3185 & 897 9235. Fiskmarkaður Grimseyjar.

Sérverkefni. 800-1.200 þús á mánuði. Árangurstengt, metnaður skilyrði. S. 844 1268

TILKYNNINGAR

Einkamál



WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:
Ýmis smærri verkefni I, 2005

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000, frá og með kl. 13:00 þriðjudaginn 14. júní 2005, í upplýsinga- þjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 23. júní 2005, kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10591

Úrbætur í umferðaröryggismálum. Bætt aðgengi að gönguleiðum 2005.
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, frá og með 15. júní 2005, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 27. júní 2005, kl. 14.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10592


Nánari upplýsingar er að finna á:
www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Þjónusta- og rekstrarsvið

Ívikaup- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



Árbæjarkirkja

Árbæjarsókn var gerð að sérstöku prestakalli 1971 og var bygging Árbæjarkirkju hafin í ágúst árið 1973. Kirkjuna hönnuðu Manfræð Vil-hjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitektar. Safnaðarheimilið var vígt 19. mars 1978 en það er nú jarðhæð kirkjunnar. Kirkjan var svo vígð þann 29. mars árið 1987. Eitt helsta listaverk kirkjunnar er altarisverkið Ljósstafir, sem fellur vel inn í kirkjuskipið þar sem sólarljósið fellur inn um þakglukka kirkjunnar. Verkið er eftir listakonuna Rúrí. Fyrsti prestur sóknarinnar var séra Guðmundur Þorsteins-son en núverandi sóknarprestur er séra Þór Hauksson.



SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Leggurðu uppúr því að hafa bílskúr?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Finnst þér mikilvægt að hafa aðgang að garði?

Já	78,5%
Nei	21,5%

Merk hús í bænum



Aðalbygging Háskóla Íslands
Bygginguna og lóðina framan við hana skipulagði Guðjón Samúelsson á árunum 1936-1940. Hún er í klassískum byggingarstíl þar sem framhlið hennar er samhverf um miðju, með taktföstum gluggaröðum báðum megin við framskot þar sem aðalinngangurinn er. Eftir aðalálmunni endilangri er gangur með skólaföstudum og skrifstofum til hvorrar handar, en fyrir miðju húsinu er glæsilegur forsalur og liggja stigar þaðan upp á efri hæðir hússins. Vestan úr húsinu eru þrjár mistórar álmur. Innviðir hússins eru hinir glæsilegustu og er þar bryddað upp á nýjunum í efnisnotkun. Gólf forsalarins er lagt hellum úr Öskjuhlíð, loftið er klætt silfurbergi og súlur framan við hátíðarsalinn eru klæddar hrafntinnu. Háskólabyggingin var síðasta stórvirki Guðjóns Samúelssonar.



Þjóðminjasafn Íslands
Ákveðið var á Alþingi að verja fé til nýrrar byggingar Þjóðminjasafns Íslands í tilefni stofnunar lýðveldisins árið 1944 og voru arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson ráðnir til verksins. Formræn uppbygging hússins er byggð á hugmyndafræði funkis-stefnunnar þar sem skiptast á lóðrétt og lárétt form, með taktföstum gluggaröðum og hleðslugleri í stórum gluggum sýningarsala og stiga-gangs. Viðbygging var reist eftir teikningum Ögmundar Skarphéð-ssonar og eru þar sýningarsalir og aðalinngangur safnsins.



Hljómskálinn
Þegar þetta litla sexhyrnda hús var byggt hafði verið ákveðið að gera skemmtigarð sunnan við Tjörnina og fór því vel á því að hafa þar lítið garðhýsi til tónlistarflutnings. Húsið var teiknað af Guðmundi H. Þorlákssyni húsasmíðameistara, sem var undir áhrifum frá norrænni nýklassík sem endurspeglast í arkitektúr hússins. Húsið er fyrsta tónlistarhúsið hér á landi og notar Lúðrasveit Reykjavíkur það til æfinga enn þann dag í dag.

Heimildir úr bókinni Leiðsögn um íslenska byggingarlist.

Ný verzlun í Grafarholti

Allt á einum stað

Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA	LAUGARDAGA
8-19	9 - 19
	SUNNUDAGA
	10 - 19

Verið velkomin

Opið
alla daga til 19

blómaval
heillandi heimur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Kjaradómur og aldraðir

KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON
SKRIFAR UM KJÖR EFTIRLAUNAÞEGA

Hinn 9. júní 2005 úrskurðaði kjaradómur að laun ráðherra, alþingismanna og æðstu embættismanna ríkis skyldu hækka um 2% frá og með 1. júlí nk. og jafngildir þetta því að laun alþingismanna hækka um nálægt 9.000 kr. og ráðherra um rúmlega 16.000 kr. á mánuði. Þetta kemur ofan á hækkingu til þessara aðila um síðustu áramót, sem nam þá nálægt 14.000 kr. hjá alþingismönnum og nálægt 24.000 kr. hjá ráðherrum. Með þessum dómi sínum er kjaradómur að staðfesta það sem við aldraðir höfum haldið fram, að laun eða bætur frá Trygginga-

stofnun eru enn að dragast aftur úr í launapróuninni. Kjaradómur segir í rökstuðningi sínum m.a. að tekið sé tillit til þeirra breytinga sem orðið hafi á launakjörum á vinnumarkaði og metur að hækka beri laun ráðherra og alþingismanna samkv. því um 2%. Með úrskurði kjaradóms fylgir launatafla og segir svo um hana: „Launatöflur sýna tilteknar hækkanir í prósentum, en þegar betur er að gáð felast oft í kjarasamningum tilfærslur á niðurröðun í launatöflur, aldurstilfærslur og margs konar önnur atriði, sem til samans valda því að laun þeirra sem taka laun samkvæmt viðkomandi kjarasamningi hækka meira en launatöflur einar og sér segja til um“. Þarna er kjaradómur að segja

Umhyggja og áhugi þessara ráðamanna til að standa vörð um og bæta kjör hinna lægst settu í hópi aldraðra virðist algjörlega horfin frá þeim.

okkur að laun hafi almennt hækkað umfram kjarasamninga og því þurfi að bæta æðstu mönnum það, en mikið mega hæstvirtir alþingismenn og ráðherrar, sem eru að fá hækkuð mánaðarlaun um 20 til 40 þúsund krónur á þessu ári, vera ánægðir með þær kjarabætur sem þeir úthluta til okkar aldraðra en hækkingun á ellilífeyri var um síðustu

áramót 744 kr. á mánuði. Full tekjuþrygging hækkaði um 1.458 kr. á mánuði á sama tíma og síðan ekkert. Það er mikill munur á hugsunarhætti hjá kjaradómsmönnum annars vegar og alþingismönnum og ráðherrum hins vegar þegar kemur að launa- eða bótagreiðslum. Kjaradómur, sem er settur af ráðherrum og alþingismönnum til að ákvarða laun þeirra, hefur með þessari síðustu ákvörðun sannað á ótvíræðan hátt að kjör okkar lægst launuðu aldraðra hafa dregist langt aftur úr kjörum annarra og þá sérstaklega ráðamanna, eins og sést á því eins og áður segir að meðan ellilífeyrir og tekjuþrygging hækka um rúmlega tvö þúsund krónur á mánuði hækka laun ráðherra og alþingismanna um

tuttugu til fjörutíu þúsund krónur á mánuði. Umhyggja og áhugi þessara ráðamanna til að standa vörð um og bæta kjör hinna lægst settu í hópi aldraðra virðist algjörlega horfinn frá þeim, þeir hugsa fyrst um sjálfa sig og á meðan eru aðrir gleymdir. Í frétt frá Alþýðusambandi Íslands föstudaginn 10. júní er sagt að laun ráðherra og alþingismanna hafi hækkað helmingi meira á þessu ári en almenn laun. Vitað er að almenn laun hafa lækkað mun meira en ellilífeyrir til okkar aldraðra. Útkoman er alltaf sú sama, aldraðir mega sitja á hakanum og lifa við sultarkjör því enn er langt í kosningar, en kannske verður slett í okkur einhverri hungurlús fyrir næstu kosningar. Höfundur er eftirlaunaþegi.



BRÉF TIL BLAÐSINS

Prengli á flugi

Hafsteinn hringdi:

Það var upplýsandi að heyrja fréttir um að íslensku flugfélögin hafa þrengra á milli sæta en almennt gerist hjá flugfélögum sem fljúga lengri leiðir. Stundum er það svo að stærsta fólk kemst varla fyrir milli sætaraðanna. Það er ekki mikil von til að Neytendasamtökin beiti sér í þessu máli frekar en flestum öðrum. Samt blasir við að það er verið að fara verr með farþega íslenskra flugfélaga en farþega annarra flugfélaga. Erfitt getur orðið að refsa flugfélögum. Íslendingar sýna sjaldnast andúð sína í verki. Þess vegna verður þetta háttalag viðhaft um komandi ár.

Sparir á stefnuljós

Magnús skrifar:

Ekki er nóg að bæta og laga göturnar hérna í Reykjavík. Það þarf meira að koma til og einkum og sérstaklega bætt umferðarmenning. Segja má að stundum teljist til undantekninga gefi öku-menn stefnuljós áður en þeir beygja. Sumir gefa stefnuljós eftir að þeir hafa skipt um akstursstefnu. Lögreglan verður að taka ábyrgð og koma í veg fyrir þessi lögbrot. Þá eykst öryggi allra.

Aðalfundur Hjartaverndar

Stjórn Hjartaverndar

Boðað er til aðalfundar Hjartaverndar þriðjudaginn 14. júní næstkomandi að Holtasmára 1, Kópavogi, 4. hæð. Fundurinn hefst klukkan 12.00 á hádegi. Fundarefni eru 1) venjuleg aðalfundarstörf, 2) Hjartavernd sjálfseignarstofnun, samþykkt skipulagsskrár og 3) önnur mál.

Stjórnin.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Visi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

PARF ÞETTA AÐ
VERA EINS OG
ÞETTA ER?



VIKUS



IBM server BladeCenter heldur heiminum gangandi

Sveigjanleiki og lágur rekstrarkostnaður í fyrirrúmi

60 þúsund „íbúar“ sem treysta á öryggi

Í EVE-heiminum „búa“ tæplega sextíu þúsund manns og treysta þeir á að IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjónar haldi heiminum gangandi.

Einfalt að byggja upp tölvukerfi – Lægri stofnkostnaður

Með því að treysta á IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjóna hefur ráðamönnum EVE-Online verið gert auðveldara að byggja upp miðlægt tölvukerfi á sem hagkvæmasta hátt. Þannig hefur ráðamönnum verið gert kleift að bæta við „blöðum“ í BladeCenter eftir þörfum – On Demand – og því hefur tölvukerfið vaxið í samræmi við íbúafjölda EVE-heimsins.

45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum

IBM var með 45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum fyrir árið 2004*. Ástæðan eru yfirburðir IBM Blade netþjóna hvað varðar þróun, hönnun og tækni sem gerir fyrirtækjum auðvelt fyrir að bæta við tölvulausnum eftir þörfum, lækka rekstrarkostnað tölvukerfa um allt að 70%** og gera þau sveigjanlegri.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjónum sem aðstoða fyrirtæki þitt að ná hámarks árangri.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is



NÝHERJI



*Heimild: IDC, febrúar 2005

**Heimild: Business Week, 22. mars 2004

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

KRISTJÁN JÓNSSON FJALLASKÁLD
(1842-1869) fæddist þennan dag.



„Sé þér jafnan sæl og blíð sérhver ævistundin.“

Kristján Jónsson fjallaskáld orti í anda rómantikur um ættjörð og náttúru, ást og fornar hetjur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Alexander mikli lætur lífið

Alexander mikli, ungi stríðsherrann frá Makedóníu, sem lagði undir sig lönd frá Miðjarðarhafi til Indlands, dó í Babylon 33 ára að aldri þennan dag árið 323 fyrir krist. Alexander fæddist í Makedóníu, sonur Filippusar konungs og Olympias drottningu. Sjálfur Aristóteles menntaði hann í klassískum fræðum og faðir hans kenndi honum stríðsrekstur. Aðeins sextán ára leiddi hann herflokk í átök og stjórnaði fljótlega stórum hluta hers föður síns. Alexander tók við konungstigninni af föður sínum 336 fyrir krist þegar sá var myrtur.

Alexander leiddi heri sína gegn Persum á næstu árum. Þrátt fyrir minni mannafla tapaði hann aldrei



323 FYRIR KRIST

bardaga enda sýndi hann af sér ótrúlega herkænsku. Hann stofnaði margar stórar og miklar borgir innan veldis síns líkt og Alexandríu í Egyptalandi og kom á pólitískum breytingum að grískri fyrirmynd. Þrátt fyrir að hann stjórnaði nú stærsta veldi heims stóð hugur Alexanders til frekari landvinninga. Árið 326 fyrir krist höfðu herir hans fengið nóg og neit-uðu að halda áfram. Stuttu áður en flytja átti herinn frá Babylon til Egyptalands veiktist Alexander snögglega eftir mikla drykkjuveislu og dó. Hann hafði ekki valið erfingja og innan árs frá dauða hans hafði veldi hans klofnað í margar stríðandi fylkingar. Lík hans var síðar flutt til Alexandríu, þar sem það var lagt til hvílu í gulllíkistu.

MERKISATBURÐIR

- 1846** Sólvi Helgason, alþýðulista-maður og landsþekktur flakkari, er dæmdur í Hæstarétti til að sæta 27 vandarhögga refsingu fyrir flakk og svik.
- 1870** Gránufélagið er stofnað á Akureyri til að efla innlenda verslun.
- 1922** Gengisskráning íslensku krónunnar hefst, en áður fylgdi hún þeirri dönsku.
- 1941** Sigurður Jónsson býður ríkinu að taka við Bessastöðum sem gjöf.
- 1971** Víðreisnarstjórnin fellur í alþingiskosningum eftir tólf ára setu.
- 1991** Boris Jeltsín er kosinn forseti Rússlands.

ANDLÁT

Faney Gísladóttir er látin.

Unnur Kristjánsdóttir, Dunhaga 17, lést mánudaginn 30. maí.

Einar Vígús Jónsson, Köldukinn 20, Hafnarfirði, lést miðvikudaginn 8. júní.

JARÐARFARIR

11.00 Esther Jónsdóttir, sem lést 27. október 2003 í Ogden í Utah-fylki, Bandaríkjunum, verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli.

13.00 Hrafn Pálsson, Álfthólmur 6, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 Ólafur E. Eggertsson, Móabardi 16, Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Hafnarjarðarkirkju.

14.00 Sigríður Brynjólfssdóttir, Ormsstöðum, Breiðdal, verður jarðsöngin frá Heydalakirkju í Breiðdal.

AFMÆLI



Ragnar Aðalsteinsson lögmaður er sjötugur.

Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður er 53 ára.



Júlíus Hjörleifsson leikari er fimmtugur.



Þórdís Arnjótssdóttir fréttakona er 42 ára.

Sveinn Jónatansson lögmaður er 42 ára.

Halldór Gylfason leikari er 35 ára.



Selma Björnsdóttir söngvari er 31 árs.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Fróðleikur af gardur.is

Vísinda- og fræðimaður:
Dr. Björg C. Þorláksson

Björg Caritas Þorlákssdóttir var fædd 30. jan. 1874, dóttir Þorláks Símonar Þorlákssonar hreppstj. í Vesturhópshólum og k.h. Margrétar Jónsdóttur, en meðal barna þeirra var Jón forsætisráðherra. Björg gekk í Kvennaskólann á Ytri-Ey og var kennari þar þrjú ár. Við nám í Kaupmannahöfn frá 1897, við Kennaraháskólann þrjú ár, stúdent frá Lyceum 1901 og las málfræði og heimspeki við Hafnarháskóla. Giftist 1903 Sigfúsi Blöndal bókaverði, vann með honum að ísl.-dönsku orðabókinni. Þau skildu barnlaus. Tók hún þá upp eftirnafn föður síns. Fekk 1920 styrk til framhaldsnáms í heimspeki, flutti fyrirlestra í Reykjavík 1924 um sama efni og doktorsrit hennar, Le fondement ..., sem hún varði við Sorbonne 1926, varð þá dr. phil. Kjörin félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1928. Lézt 25. febr. 1934. Var hæfileika-mest ísl. kvenna á vísinda- og fræðasviði um sína daga. Rit hennar auk doktorsverksins og orða-bókarinnar voru um kvenréttindi og menntamál kvenna, manneldisfræði, Svefn og draumar, Leikur lífsins, sjónleikur, og Ljóðmæli, 1934. Þýddi fjölda rita, m.a. um matargerð, stjórnskipan, varnamál, skáldverk eftir Selmu Lagerlöf og Johan Bojer auk bókar um Ísland eftir Þorv. Thoroddsen á dönsku. Þá ritaði hún margar greinar í dönsk og íslensk tímarit og blöð. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir reit ævisögu hennar: Björg (2001) og gaf út verk hennar 2002.

Meira á gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

gardur.is

TÍMAMÓT: FEÐGIN Í SAMEIGINLEGRI HÁSKÓLAÚTSKRIFT

Skemmtu sér konunglega í tímum

Dó að tuttugu og fimm ár séu milli þeirra Ingvaldar Ástu Björnsdóttur og föður hennar Björns Ágústs Jónssonar eru þau miklir vinir. Í vetur sóttu þau bæði nám í Háskólanum í Reykjavík og á laugardaginn héldu þau sameiginlega útskriftarveislu til að fagna þessum tímamótum.

Ingvaldur útskrifaðist með BS-gráðu í viðskiptafræðum en Björn með diplómagraðu í stjórnunar- og starfsmannamálum. Ingvaldur segir að það sé frábært að vera í námi með föður sínum. „Við erum miklir vinir og höfum alltaf verið,“ segir hún en þau feðgin sátu marga tíma saman enda lagði Ingvaldur áherslu á svipaða hluti og pabbi hennar.

Ingvaldi þótti mjög gott að geta sótt í reynslu föður síns í þeim verkefnum sem þau unnu saman en hann hefur í mörg ár unnið stjórnunarstörf. „Við náðum mjög vel að styðja hvort annað,“ segir Ingvaldur og bætir hlæjandi við að þau hafi skemmt sér konunglega saman í tíma.

En af hverju ákvað karl faðir hennar að setjast aftur á skólabekk? „Hann var búinn að lesa mörg verkefni yfir öxlina á dóttur sinni í eitt ár og sá að karlinn gæti þetta örugglega sjálfur,“ segir Ingvaldur, sem hefur alltaf leitað mikið til föður síns í námi sínu. Hún telur að það hafi að öllum líkindum kveikt hjá honum áhuga.

Þau ákváðu að halda sameigin-



SAMHELDIN FEÐGIN Ingvaldur Ásta og Björn skemmtu sér konunglega í sameiginlegri útskriftarveislu sinni.

legt garðpartí til að halda upp á útskriftina. Þar komu saman vinir þeirra beggja og varð úr dúndurpartí að sögn Ingvaldar þar sem ungrir sem aldnir skemmtu sér undir gítarspili í útilegustemningu.

Ingvaldur starfar nú á fyrir-

tækjasviði KB banka í Garðabæ en Björn stundaði námið samhliða vinnu hjá Hringrás. Hún segir aldrei að vita hvað framtíðin beri í skauti sér og útilokar ekki frekara samstarf við föður sinn. „Þetta er bara byrjunin,“ segir Ingvaldur glaðlega. ■

Reykjavík Grapevine tveggja ára

Tímaritið Reykjavík Grapevine fagnar tveggja ára útgáfuafmæli sínu í dag. Á þeim tíma hefur

Grapevine vaxið frá því að vera hugarfóstur þriggja manna yfir í að verða stöðugt, áberandi og

umfangsmikið blað. Auk þess er rekin upplýsingamiðstöð um menningararburði fyrir ferðamenn í tengslum við blaðið og staðið fyrir reglulegum tónleikum. Blaðið kemur út sextán sinnum á ári, einu sinni á mánuði yfir veturinn og annan hvern föstudag yfir björta mánuðina fjóra.

Sagan segir að tilurð blaðsins megi rekja til knæpu í Prag haustið 2002 þar sem Jón Trausti Sigurðarson og Hilmar Steinn Grétarsson fengu þá hugmynd með brjóstbirtunni að gefa út blað á ensku, ætlað ferðamönnum og útlendingum búsettum hér. Fyrsta eintak blaðsins leit svo dagsins ljós föstudaginn 13. júní 2003.

Valur Gunnarsson ritstýrði blaðinu þar til í mars en þá tók Bart Cameron við ritstjórninni. Nú í byrjun júní opnaði Grapevine upplýsingamiðstöð og býð að Laugavegi 11, sem þjónustar ferðamenn með upplýsingum um athyglisverða atburði í menningarlífi Reykjavíkur auk þess sem þar er hægt að kaupa íslenskar menningarafurðir. ■



BART OG VALUR Valur ritstýrði blaðinu þar til í mars en þá tók Bart Cameron við af honum.

Baðdagar hjá Bónus Smáratorgi



Kr. 4.999

**Lönaðarmenn og
verktakar velkomnir!**



Kr. 1.999



Kr. 1.499

Kr. 1.299



**Baðfylgihlutir
Margar gerðir**

Kr. 3.999

Allt settið

minotrend

Baðtæki á góðu verði

Loksins á Íslandi



Allt settið

Kr. 1.999

FÆST Í ÖLLUM
BÓNUSVERSLUNUM



Aðeins


Kr. 2.999

Kr. 299



Kr. 4.999

Allt settið



BÓNUS

Ath! Baðvörurnar eru aðeins á Smáratorgi



Heyrst hefur ...

... að örlög Magnúsar Gylfasonar ráðist á næstu sjö dögum. Ef viðunandi úrslit nást ekki gegn Grindavík í deildinni og Leikni í bikarkeppninni munu dagar hans hjá Vesturbæjarstórveldinu vera taldir. Það er því mikið undir hjá Magnúsi en KR hefur tapað síðustu þremur leikjum sínum.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON: ER HÆTTUR HJÁ GRINDAVÍK

Gat ekki unnið með þjálfaranum

Knattspyrnumaðurinn Óli Stefán Flóventsson hefur tekið þá ákvörðun að hætta hjá Grindavík í Landsbankadeildinni. Að hans sögn er ástæðan einfaldlega sú að hann náði ekki að vinna með Milan Stefáni Jankovic, þjálfara liðsins. „Það kom upp ágreiningur og við ræddum málið en náðum ekki að leysa það. Þetta er mjög leiðinlegt þar sem hjarta mitt slær í Grindavík og það er mitt lið.“ sagði Óli Stefán, sem var varafyrirliði Grindvíkinga og einn þeirra allra bestu leikmaður.

Dropinn sem fyllti



mælinn var þegar Óli fór út á lífið með Ólafi Erni Bjarnasyni á laugardagskvöldið eftir landsleikinn gegn Ungverjalandi. Þetta var átta dögum fyrir leikinn gegn Fylki. „Morgunin eftir var æfing kl. 11. Ég mætti á hana en þjálfarinn var ekki sáttur og refsaði mér. Þetta atvik var

dropinn sem fyllti mælinn, ég var ekki einu sinni spurður nánar út í þetta mál og hvort bjór hafi verið við hönd eða neitt. Ég var ósáttur við að fá bara refsingu strax án þess að vera spurður út í þetta,“ sagði Óli Stefán.

Í dag verður fundur með stjórn Grindavíkur en Óli segist vera búinn að taka lokaákvörðun í málinu. Hann ætlar nú að fara í það að kanna stöðu mála, hann stefnir á að halda áfram í boltanum og leika í Landsbankadeildinni. Meðal liða sem til greina koma er Fram en hann var nálægt því að semja við Safamýrarfélagið fyrir sumarið.

> Við hrósum ...

... Valsmönnum, sem sýndu svo ekki verður um villst að þarna er topplið á ferðinni. Það fara ekki hverjir sem er til Keflavíkur og sýna heimamönnum hvernig skuli spila knattspyrnu með því að skora fimm mörk gegn einu. Mikil spennan ríkir fyrir leik Vals og FH á miðvikudag enda mikilvægur leikur mjög.



> Við furðum okkur á ...

... að Grindvíkingar geti ekki haldið sig á mottunni eitt tímabil. Aftur er komið upp agavandamál sem lýkur sennilega með því að fyrirliði liðsins, Óli Stefán Flóventsson, yfirgefur félagið.



Bjarni sá um fyrsta heimasigurinn

Fylkismenn unnu heldur ósanngjarnan sigur á Grindvíkingum í Árbænum í gær. Bjarni Þórður Halldórsson markvörður kom í veg fyrir að gestirnir færu með stigin þrjú heim en Árbæingar geta þakkað varumönnum sínum fyrir mörkin tvö.

	2-1	
Fylki		Grindavík

Fylkisvöllur, áhorf: 836 Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Sinisa Kekic (34.)
1-1 Eyjólfur Héðinsson (40.)
2-1 Hrafnkell Helgi Helgason (88.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-11 (6-8)
Varin skot	Bjarni 6 - Savic 4
Horn	3-7
Aukaspjrnur fengnar	13-12
Rangstöður	2-0

KNATTSPYRNA Leikurinn byrjaði dauflega og það var ekki fyrr en þegar fyrri hálfleikur var hálfnaður að Magnús Sverrir Þorsteinsson fékk mjög gott færi en skot hans af markteignum var varið vel af Bjarna Þórði í marki Fylkis. Grindavíkingar voru á þessum tímupunkti sterkari aðilinn og það var því ekki gegn gangi leiksins þegar Sinisa Kekic skoraði mark með skalla eftir hornspyrnu. Eftir markið slökuðu gestirnir á og það nýttu heimamenn sér þegar Eyjólfur Héðinsson skoraði eftir góðan undirbúning frá Finni Kolbeinssyni. Það er ekki ósanngjarnar að segja að Boban Savic eigi þetta mark enda skaut Eyjólfur frá endalínu en Savic tókst að missa knöttinn milli fóta sér.

Seinni hálfleikur var bragðdaufur þegar á heildina er lítið en það voru Grindvíkingar sem voru nærri því að skora og þeir komust nálægt því í nokkur skipti. Næst því komust Eysteinn Húni Hauksson og Mathias Jack en heppnin var ekki með þeim, í bæði skiptin fór boltinn í tréverkið og sluppu heimamenn heldur betur með skrekkin. Magnús Þorsteinsson fékk einnig dauðafæri sem Bjarni Þórður varði frábærlega. Eftir þetta virtist leikurinn ætla að fjara út en Hrafnkell Helgason var ekki á sama máli og skoraði sigurmark Fylkis tveimur mínútum fyrir leikslok eftir dapurt úthlaup Boban Savic.

Það er ljóst á þessum leik að Grindvíkingar ætla sér ekki að vera í neinni fallbaráttu í sumar, þeir léku góðan fótbolta og áttu engan veginn skilið að tapa leiknum í gær. Bestir hjá gestunum voru þeir Sinisa Kekic og Óskar Örn Hauksson, sá fyrrnefndi var gríðarlega öflugur í vörninni og sá síðarnefndi sýndi virkilega skemmtilega takta og vill undirritaður sjá Óskar í hópnum hjá



FYLKISMENN FAGNA Finnur Kolbeinsson (8) fagnar hér markaskoraranum Eyjólfu Héðinssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Eyjólfur Sverrisyni í haust þegar U-21 liðið verður valið.

Hjá Fylki var Bjarni Þórður Halldórsson þeirra langbesti maður og geta heimamenn þakkað honum fyrir stigin þrjú enda varði hann frábærlega í leiknum. Valur Fannar Gíslason var traustur í vörninni og svo kom Eyjólfur Héðinsson sterkur inn á, annan leikinn í röð og spurning hvort frammistaða hans í síðustu tveimur leikjum skili honum ekki sæti í byrjunarliðinu fyrir næsta leik.

- gji

FYLKIR 4-4-2	GRINDAVÍK 4-4-2
*Bjarni Þórður 9	Savic 4
Kristján 4	Óðinn 6
(81. Hrafnkell) 3	Kekic 8
Valur Fannar 7	Jack 6
Ragnar 6	Eypör Atli 7
Gunnar Þór 6	McShane 4
Helgi Valur 6	Nistroj 5
Guðni Rúnar 6	Eysteinn Húni 6
Finnur 6	Óskar Örn 8
Viktor Bjarki 5	Magnús 7
(20. Eyjólfur) 7	Ahandour 5
Christiansen 3	(60. Zeyer) 5
(54. Björn Viðar) 5	
Björgólfur 6	

*MADUR LEIKSINS

Valsmenn héldu í við FH-inga með stórsigri á Keflvíkingum:

Valur með kennslustund í Keflavík

	1-5	
Keflavík		Valur

Keflavíkur., áhorf: 1054 Jóhannes Valgeirss. (5)

0-1 Matthías Guðmundsson (5.)
0-2 Atli Sveinn Þórarinnsson (17.)
0-3 Baldur Aðalsteinsson (35.)
0-4 Baldur Aðalsteinsson (57.)
1-4 Stefán Örn Arnarson (68.)
1-5 Garðar Gunnlaugsson (80.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18-14 (5-7)
Varin skot	Ómar 1 - Kjartan 4
Horn	6-5
Aukaspjrnur fengnar	9-10
Rangstöður	0-7

FÓTBOLTI Það var klassamunur í Keflavík þar sem Valsmenn komu í heimsókn í gær og réðu lögum og lofum gegn slökum heimamönnum. Það var ekki veikan blett að finna á Valsliðinu, sem hafði leikinn í sínum höndum frá upphafi til enda og heldur flugi sínu áfram af fullum krafti. Spilamennska liðsins var hreint út sagt frábær og ljóst að búast má við svakalegri viðureign þegar það mætir FH í næstu umferð.

Þegar upp var staðið í Keflavík

í gær höfðu Valsmenn náð að koma knettinum fimm sinnum í markið en heimamenn aðeins einu sinni. Sóknaraðgerðir Valsmanna voru mun hættulegri á meðan ekki var heil brú í spilamennsku Keflavíkur, langar sendingar fram völlinn sem stórir og stæðilegir miðverðir Vals áttu ekki í nokkrum erfiðleikum með.

Strax eftir fimm mínútna leik skoraði Matthías Guðmundsson með því að setja boltann í boga yfir Ómar í markinu og braut þar með ísinn. Atli Sveinn Þórarinnsson bætti við marki með skalla eftir horn og það var síðan landsliðsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson sem átti stóran þátt í þrjúja markinu þegar hann vann knöttinn af Guðmundi Steinarsyni, skeiðaði fram og sendi á Baldur Aðalsteinsson, sem gerði allt rétt og skoraði. Baldur bætti öðru marki við í seinni hálfleik en eftir það slökuðu Valsmenn örlítið á og Stefán Örn Arnarson náði að minnka muninn. Stefán fékk félagaskipti úr Víking fyrir um daginn, kom inn sem varamaður og var einn af örfáum ljósum punktum hjá heimamönnum. Garðar Gunnlaugsson bætti

fimmta og síðasta marki Vals við með skoti af stuttu færi. Á löngum köflum var hrein unun að fylgjast með léttleikandi Valsliðinu, sem náð hefur rosalega vel saman í upphafi móts og miðað við spilamennskuna er líklegt að það verði einvígi um Íslandsmeistarátitilinn milli Vals og FH. Keflvíkingar þurfa hins vegar að hugsa sinn gang verulega því lið þeirra í gær sýndi ansi fátt sem jákvætt getur talist, átti nokkur hættuleg langskot í seinni hálfleik en varnarleikurinn var mjög brothættur.

„Liðsheildin er sterk hjá okkur og það er helsti styrkleiki okkar. Við spiluum vel og munum halda áfram að taka einn leik fyrir í einu og reyna þannig að ná sem bestu árangr,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leik.

Peningarnir tala sínu máli

„Við gerðum ekki það sem talað var um fyrir leikinn og því fór sem fór. Valsliðið er mjög sterkt og ég held að það sé alveg ljóst að deildarkeppnin verður einvígi milli FH og Vals. Peningarnir tala sínu máli,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur.

-egm, mh

LEIKIR GÆRDAGSINS

ÍBV-KR	2-1
KEFLAVÍK-VALUR	1-5
FYLKIR-GRINDAVÍK	2-1

STAÐAN:

FH	5	5	0	0	15-2	15
VALUR	5	5	0	0	15-3	15
FYLKIR	5	3	0	2	9-6	9
FRAM	5	2	1	2	6-4	7
ÍA	5	2	1	2	8-13	7
KR	5	2	0	3	5-6	6
GRINDAVÍK	5	1	0	4	7-14	3
ÍBV	5	1	0	4	5-12	3
ÞRÓTTUR	5	0	1	4	4-11	1

KEFLAVÍK 4-4-2	VALUR 4-3-3
Ómar 6	Kjartan 7
Guðjón 4	Bjarni Ólafur 8
Kadir 3	*Atli Sveinn 8
(63. Ásgrímur) 5	Grétar Sigfinnur 8
(87. Bjarni) -	Steinþór 8
Johannson 4	Sigurbjörn Örn 7
Milicevic 3	(83. Stefán Helgi) -
(59. Stefán Örn) 6	Kristinn Ingi 8
Gestur 3	Sigþór 7
Hólmar 4	Baldur 8
Baldur 4	(82. Sigurður) -
Jónas 5	Matthías 8
Guðmundur 6	(63. Garðar) 8
Hörður 3	Guðmundur 8

*MADUR LEIKSINS

LANDSBANKAÐEILDIN



Svefn & heilsa




EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL Í SUMAR



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í sumar

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

10 11 12 13 14 15 16

Mánudagur

SJÓNVARP

- 16.50 Fót看takvöld á RÚV (e).
- 18.20 Fylkir-Grindavík á Sýn. Endursýndur leikur í Landsbankadeild karla frá því í gær.
- 20.00 Úrslitarimma NBA-deildarinnar á Sýn. Detroit Pistons og San Antonio Spurs mætast. (e)
- 22.00 Ólíssport á Sýn.
- 23.15 Landsbankamörkin á Sýn. Sýnd mörkin úr 5. umferð Landsbankadeildar karla.



TRYGGJUM
ÖLLUM
HLUTVERK!

Samtök um vinnu-
og verkþjálfun

Einvígið ætti að vera búíð

Íslenska landsliðið í handknattleik fer með nýu marka forystu til Hvíta-Rússlands í umspilinu um sæti á EM. Ísland hafði mikla yfirburði í leiknum í gær og hefði getað unnið mun stærra en nýu marka sigur, 33-24, var niðurstaðan.

HANDBOLTI „Þetta á að duga en maður hefur séð ýmislegt gerast í handboltaheiminum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson frekar þungur á brún enda var hann ekki sáttur með leik sinna manna. „Við vorum klaufar í dag og hefðum átt að fara út með stærra veganesti. Við hefðum átt að ganga frá þessu einvígi. Við gerðum ótrúleg mistök í þessum leik og reyndir menn voru að missa boltann hvað eftir annað. Rússarnir voru að sama skapi mjög heppnir og skoruðu oft þegar þeir voru að fá á sig leiktöf.“

Ísland leiddi með sex mörkum eftir fyrri hálfleik, 18-12, og fyrir það forskot mátti Ísland þakka. Varnarleikur íslenska liðsins var alls ekki nógu góður og fyrir aftan vörnina varði Birkir Ívar lítið.

Íslenska liðið nýtti þar að auki illa tækifæri þegar liðið var einum og tveimur mönnum fleira. Til að mynda fór kaflir þar sem íslenska liðið var tveim mönnum fleiri 2-2. Það er alls ekki nógu gott og miðað við allt sem gekk á þennan hálfleik var í raun með ólíkindum að íslenska liðið leiddi með sex mörkum í leikhléi.

Markvarslan lagaðist í seinni hálfleik en í staðinn gerðu leikmenn liðsins sig seka um ótrúlegan klaufaskap hvað eftir annað og mistókst þar með að slátra Rússunum eins og þeir hefðu með réttu átt að gera. Þetta rússneska lið er aftur á móti langt frá því að vera nógu gott til þess að vinna Ísland með tíu mörkum og því Má mikið



RÓBERT Á FLUGI Róbert Gunnarsson skorar hér eitt af sínum fimm mörkum fyrir íslenska landsliðið gegn Hvít-Rússum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

gerast svo Ísland komist ekki á EM. Viggó hefur samt áhyggjur af dómurinum.

„Þessi pólska sending hér í kvöld var nákvæmlega það sem ég óttaðist – Austur-Evrópu-dómur að dæma með Austur-

Evrópuþjóð. Við fáum svona par líka í seinni leiknum þannig að við búum okkur undir stríð,“ sagði Viggó Sigurðsson.

Mörk Íslands: Ólafur Stefánsson 7/5, Guðjón Valur Sigurðsson 5, Róbert Gunnarsson 5, Jaliesky


Garcia Padron 4, Snorri Steinn Guðjónsson 3, Sigfús Sigurðsson 3, Einar Hólmgeirsson 3, Dagur Sigurðsson 2, Alexander Peterson 1. Varin skot: Roland Valur Erazdze 10, Birkir Ívar Guðmundsson 6. henry@frettabladid.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OPIÐ HÚS

Mánudaginn 13. júní n.k. verður opið hús í Verzlunarskóla Íslands milli kl. 15:00 og 18:00

- Námsráðgjafar og kennarar skólans verða til viðtals og geta nemendur innritað sig á staðnum.
- Nemendur kynna félagslífið í máli og myndum.
- Gestir geta skoðað húsakynni skólans.
- Léttar veitingar.
- Nánari upplýsingar á www.verslo.is og á skrifstofu skólans í síma 5 900 600.



Umsóknarfrestur er til kl. 16:00
þriðjudaginn 14. júní

GRUNNSKÓLANEMAR
ATHUGIÐ

Í Verzlunarskóla Íslands er hægt að taka stúdentspróf á þremur árum af náttúrufræðibraut og viðskiptabraut.

SKÓLI
MEÐ
SÉRKENNI

Þriðja tap KR-inga í jafn mörgum leikjum en fyrstu stig ÍBV:

Þurfum að skora mörk

FÓTBOLTI „Ég hefði nú haldið að við værum með nóg af markaskorurum en það virðist ekki vera. Við þurfum að skoða í rölegheitum hvað við þurfum að laga – það er alveg ljóst. Við þurfum að skora fleiri mörk,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari KR, eftir tap sinna manna gegn Eyjamönnum í gær. ÍBV bar þar sigur úr býtum, 2-1, með mörkum Matthew Platt og Ian Jeffs en KR-ingar komust á blað með sjálfsmarki Andra Ólafssonar. Þar með hafa sóknarmenn KR-inga ekki enn náð að setja mark sitt á mótið.

KR-ingar mættu ákveðnari til leiks og var Grétar Ólafsson

atkvæðamikill á upphafsminútunum. Hann slapp einn inn fyrir vörn ÍBV á 4. mínútu en lét verja frá sér. En Eyjamenn létu þetta ekki á sig fá og komu sér inn í leikinn með marki Platts á 27. mínútu. Besti maður vallarins, Ian Jeffs, var óheppinn að bæta ekki öðru við í fyrri hálfleik er hann var sloppinn inn fyrir og þá átti Magnús Már Lúðvíksson gott skot sem Kristján Finnbogason varði vel.

En markið kom hjá Jeffs í síðari hálfleik og við það féllu Eyjamenn aftur á völinn og reyndu að halda fengnum hlut. Þeir misstu svo mann út af á 75.

mínútu er Bjarni Hólm hrinti Kristjání markverði. Aðeins mínútu síðar kom markið hjá KR-ingum en allt kom fyrir ekki, þó svo að tvíburabræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir kæmu inn af bekknum undir lok leiksins.

„Loksins, loksins unnum við og spiluðum mun betri fótbolta í dag en við höfum áður sýnt í sumar. Við unnum allir saman í liðinu enda vinnast leikirnir ekki nema allir á vellinum leggi sitt að mörkum. Mér skilst að ÍBV hafi aldrei byrjað verr í efstu deild, en ég hef trú á að þetta sé að koma hjá okkur núna,“ sagði Ian Jeffs, ÍBV, eftir leikinn. -já



TREK
Argerð 2005
Ál-stell
21gira

TREK NAVIGATOR 100 - dömu/herra
Verð kr. 34.521,-

ÖRNINN
STOFNAD 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891

www.orninn.is



IBV 2-1 KR

Hásteinsv., áhorf: 350 Magnús Þórisson (6)

1-0 Matthew Platt (27.)
2-0 Ian Jeffs (58.)
2-1 Andri Ólafsson, sjálfsmark (76.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-13 (7-5)
Varin skot	Birkir 4 - Kristján 4
Horn	7-1
Aukaspjrnur fengnar	18-17
Rangstöður	5-1

ÍBV 4-3-3	KR 4-4-2
Birkir 7	Kristján 7
Bjarni Geir 6	Jökull 6
Páll 7	Gunnar E. 7
Bjarni Hólm 6	Ágúst 7
Adolf 6	Gunnar K. 6
Andri 7	(82. Arnar -)
Atli 7	Sigurvin 5
*Jeffs 8	(70. Bjarki 6)
Heimir Snær 7	Bjarnólfur 7
Platt 7	Rógvi 6
(84. Steingrímur -)	Sölvi 6
Magnús Már 6	(45. Matute 6)
(72. Pétur Óskar 6)	Garðar 6
	Grétar Ólafur 7

*MADUR LEIKSINS

Carlsberg-mótið í Eyjum:

Ragnhildur og Heiðar Davíð unnu

GOLF Annað mót á Toyota-mótaröðinni í golfi fór fram í Vestmannaeyjum um helgina. Heiðar Davíð Bragason, GKj, og Ragnhildur Sigurðardóttir, GR, báru sigur úr býtum á mótinu. Ragnhildur hafði talsverða yfirburði í flokki kvenna og hafði átta högga forystu á næsta kylfing, Önnu Lísu Jóhannsdóttur. Hún spilaði samtals á sex höggum undir pari vallarins.

Heiðar Davíð lék á fimm höggum undir pari en Sigurpáll Geir Sveinsson, GK, varð annar og Magnús Lárusson, GKj, þriðji.

-esá

Íslenskir atvinnukylfingar:

Gott skor á lokahringjum

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson tókst að hífa sig upp í 30. sæti með góðri frammistöðu síðustu tvo dagana á móti í Esbjerg í Danmörku. Hann hefur nú komist í gegnum niðurskurðinn á öllum mótum sem hann hefur tekið þátt í á evrópsku áskorendamótaröðinni og telst það afar góður árangur.

Ólöf María Jónsdóttir var að keppa í Frakklandi og lauk keppni í 41. sæti. Hún lék síðasta hringinn á pari og alls á fimm höggum yfir pari. Hún sagðist í samtali við Fréttablaðið vera sátt við frammistöðuna og vonast til að þetta fleyti henni áfram á beinu brautina.



FOO FIGHTERS
QUEENS OF THE STONE AGE
TÓNLEIKATILBOÐ

Í tilefni af nýrri Foo Fighters plötu og tónleikum Foo Fighters og Queens Of The Stone Age í Egilshöllinni 5. júlí, þá verða plötur þeirra á tilboði í verslunum Skífanar

Foo Fighters - In Your Honour (2CD+DVD)	2.499
Foo Fighters - In Your Honour (2CD)	1.999
Queens Of The Stone Age - Lullabies To Paralyze	1.999

Plötur og DVD diskar á tilboði!

Foo Fighters	In Your Honor (2CD)	1.999
Foo Fighters	In Your Honor (2CD+DVD) LTD	2.499
Queens Of The Stone Age	Lullabies To Paralyze	1.999
Foo Fighters	There Is Nothing Left To Lose	999
Foo Fighters	Colour and the Shape	999
Foo Fighters	Foo Fighters	999
Foo Fighters	One By One	999
Queens Of The Stone Age	Rated R	999
Queens Of The Stone Age	Songs For The Deaf	999
Queens Of The Stone Age	Queens of the Stone Age	1.799
Kyuss	Wretch	999
Kyuss	Blues For The Red Sun	999
Kyuss	Welcome To The Sky Valley	999
Kyuss	And the circus leaves town	999
Foo Fighters	Everywhere But Here DVD	1.499

...skemmtir þér ;)



HEATHER LOCKLEAR
Hún og Denise Richards eru góðar vinkonur. Richards er nýbúin að eignast aðra dóttur og segir Heather hana vera gullfallega.

Dóttirin gullfalleg

Leikkonan Heather Locklear heimsótti vinkonu sína Denise Richards nýlega og segir nýfætt barn hennar vera „gullfallegt“.

Richards eignaðist nýlega dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum, Charlie Sheen, en þau eiga aðra dóttur fyrir. Hin nýfædda stúlka var nefnd Lola Rose og fæddist þann 1. júní og þegar leikkonan kom heim frá spítalanum tóku ættingjar og vinir hennar á móti henni heima fyrir, þar á meðal Locklear. „Ég fékk að halda á litlu Lolu og hún er gullfalleg,“ segir Locklear, sem er yfir sig hissa á því að Denise ætli strax í haust að snúa aftur til vinnu sinnar í þættinum Sex, Lies + Secrets. „Ég sagði við Denise: „Þú átt ekki tvo krakka heldur tvö smábörn!“



COLDPLAY Chris Martin, söngvari hljómsveitarinnar, hefur loksins ljóstrað því upp um hvað lagið Yellow er. Íslendingar hafa velt þessu mikið fyrir sér því sá orðrómur komst á kreik að lagið væri um Elísu, söngkonu Bellatrix.

Yellow um símaskrá

